# FRÉTTABLAÐIÐ

105. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 8. MAÍ 2019




**Miklar tilfinningar voru í umræðum um þungunarrof á Alþingi í gær og hart tekist á. Þingmenn úr Miðflokki, Flokki fólksins og Sjálfstæðisflokknum lýstu yfir andstöðu við frumvarpið. Snerist umræðan að miklu leyti um sjálfsákvörðunarrétt kvenna og lífsrétt ófæddra barna. Atkvæðagreiðsla um málið verður ekki fyrr en í næstu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Harkalegar deilur um sjálfsákvörðunarrétt

**Umræða um þungunarrof stóð fram á kvöld á Alþingi í gær. Vildu margir þingmenn takmarka rétt kvenna til ákvörðunartöku um eigið líf og líkama.**

**ALÞINGI** Þingmenn úr hópi Flokks fólksins, Miðflokksins og Sjálfstæðisflokksins lýstu því í gær að þeir væru ekki sáttir við lagafrumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um þungunarrof.

Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, lagði fram breytingartillögu sem myndi leiða til skertra réttinda kvenna frá því sem nú er.

Atkvæðagreiðslu um frumvarpið var frestað eftir að þriðju og síðustu umræðu lauk í gærkvöld. Nefndardagar verða það sem eftir lifir vikunnar og verða því ekki greidd atkvæði um frumvarpið fyrr en í næstu viku. Mikill hiti var í umræðum og hart tekist á um málið.

Nokkrar breytingartillögur voru lagðar fram. Þar á meðal frá Guðmundi Inga.

Telur hann innihald frumvarpsins „algjörlega óverjandi, siðferðilega rangt og ganga gegn lífsrétti ófæddra barna“. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, taldi þing ætla að samþykkja að ófullburða barn verði drepið í móðurkviði.

„Það er markmiðið að þetta verði gert [að lagafrumvarpið verði að lögum] og það hefur þessi salur sannarlega sýnt með frábærum húrrahrópum og gleðihljóðum,“ sagði Inga. „Og ég mun alltaf segja nei.“ **– sa /** **sjá síðu 4**

## Lítill áhugi á orkupakka

**STJÓRNMÁL** Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir niðurstöður nýrrar könnunar benda til þess að almenningur hafi lítinn áhuga á þriðja orkupakkanum. Samkvæmt könnuninni veit rúmur þriðjungur ekki hvort hann styður málið eða ekki.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar, segir mikinn tíma hafa farið í að leiðrétta rangfærslur um þriðja orkupakkann. Niðurstöðurnar sýni að réttar upplýsingar skipti miklu máli.

Frosti Sigurjónsson, einn stofnenda Orkunnar okkar, telur þjóðina þurfa meiri tíma til að setja sig inn í málið. Það væri góð lending ef Alþingi myndi fresta afgreiðslunni fram á haust. **– ab /** **sjá síðu 6**

## EES á að vera í forgrunni

**EFNAHAGSMÁL** Framkvæmdastjórar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins segja að EES-samningurinn eigi að vera í forgrunni allrar ákvörðunartöku í íslenskri atvinnulífi. Þeir telja mikilvægt að klára innleiðingu þriðja orkupakkans og undrast kúvendingu ASÍ í málinu.

Þar sem óvissa í efnahagslífinu í tengslum við kjarasamninga og fjármagnshöft sé úr sögunni gætu góðir tímar verið fram undan. Þeir félagar sjá mörg sóknarfæri fyrir íslenskt efnahagslíf.

Mikilvægasta áskorunin sé að bæta samkeppnishæfni landsins til að auka útflutningsverðmæti. Það sé forsenda bættra lífskjara. **– tfh /** **sjá Markaðinn**




## Veður




Léttir til um landið S- og V-vert í dag, en áfram él í öðrum landshlutum. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast á V-landi og víða næturfrost inn til landsins. SJÁ SÍÐU 16

# Hælisleitendur leggja fram kæru




Hælisleitandinn Ali Alameri (til hægri) hefur ásamt tveimur félögum sínum kært uppákomuna sem varð á fundi Sjálfstæðismanna um þriðja orkupakkann á dögunum. Í kærunni segir að á fundinum hafi Ármann Kr. Ólafsson fundarstjóri og starfsmaður fundarins tekið sér lögregluvald. Ali og félagar mættu á fundinn til að reyna að ná tali af Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, settum dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Vigdís hyggst ekki undirrita ársreikninginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Deildu um ársreikning

**REYKJAVÍK** „Ef þetta á að vera einhvers konar túlkunaratriði, að það vanti hér heimildir fyrir fjárútgjöldum og það eigi að leysa þær í ársreikningi, þá er það eitthvað alveg nýtt á Íslandi. Alveg nýtt bæði fyrir lögmenn og endurskoðendur,“ sagði Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, við fyrri umræðu um ársreikning borgarinnar fyrir 2018 sem fram fór í gær. Vigdís segist ekki ætla að skrifa undir ársreikninginn.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna, segir að með ársreikningnum sé verið að senda borgarstjórn gula spjaldið. „Ekki hefur tekist að greiða niður skuldir í góðæri og skuldasöfnun A-hluta og samstæðu halda áfram að vaxa á fullu. Skuldir hækka um 25 milljarða á síðasta ári, meira en tvo milljarða á mánuði. Skuldir voru 324 milljarðar um áramót en áttu að vera 299 milljarðar samkvæmt fjárhagsáætlun,“ segir Eyþór.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir ársreikninginn hins vegar sýna sterkan rekstur borgarinnar. „Á undanförnum árum hefur verið áhersla á að bæta fjármagni inn í velferðar- og skólamál ásamt gríðarlega umfangsmiklum fjárfestingum í innviðum,“ segir Dagur.

Fyrst og síðast dragi uppgjörið fram borgarrekstur sem geti státað af ábyrgri fjármálastjórn, hafi metnað fyrir framúrskarandi þjónustu, leggi áherslu á góða innviði og forgangsraði í þágu velferðarmála og skólamála. **– ilk**

# Nefnd metur hæfni nýs bankastjóra

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur skipað þriggja manna hæfnisnefnd í samræmi við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands til að meta hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra.

Nefndina skipa þau Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Þórunn Guðmundsdóttir, hæstaréttarlögmaður og varaformaður bankaráðs, og Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur við Yale-háskóla sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Sextán einstaklingar sóttu um embætti seðlabankastjóra en forsætisráðuneytið gerir ráð fyrir að endanleg niðurstaða hæfnisnefndar liggi fyrir eigi síðar en 15. júní næstkomandi. Már Guðmundsson mun láta af embætti í ágúst eftir tíu ár í starfi. **– smj**

# Nágrönnum ofbýður yfirfullir nytjagámar

**Brjóstahaldarar, barnaföt, íþróttaskór og endurvinnslusorp liggur sem hráviði við grenndarstöð Sorpu í Gnoðarvogi. Íbúum í nágrenninu er ofboðið. Segja umgengnina til skammar og gámana losaða of sjaldan.**

**UMHVERFISMÁL** Brjóstahaldarar, íþróttaskór og annar heillegur fatnaður liggur eins og hráviði í götunni við grenndarstöð Sorpu í Gnoðarvogi. Nágrannar segjast komnir með nóg af slæmri umgengni sem helgast af því hversu sjaldan gámarnir eru tæmdir.

„Umgengnin á þessu er svo rosalegt að það nær ekki nokkru lagi. Við erum að þrífa garðinn hérna annan hvern dag ef það hreyfir vind. Það er gengið svo illa um þetta og gámurinn ekki losaður heldur,“ segir nágranni grenndarstöðvarinnar sem hafði samband við Fréttablaðið.

Blaðamaður fór á vettvang á mánudag og það var ekki orðum aukið. Endurvinnslu- og fatasöfnunargámar allir barmafullir og letilegar tilraunir fólks til að koma rusli og fatagjöfum áleiðis þrátt fyrir það gjörsamlega misheppnaðar.

Íbúinn segir fatasöfnunargám Rauða krossins ekki hafa verið tæmdan lengi. Þegar fólk komi svo ekki meiru ofan í hann leggi það fatapoka fyrir framan. Slíkar tilraunir enda með ósköpum.

„Svo koma greinilega einhverjir, opna poka, hrista úr þessu og þetta liggur eins og hráviði um allt. Okkur ofbýður þetta alveg.“

Ástandið við endurvinnslugámana er litlu skárra. Þeir séu yfirleitt fljótir að fyllast og svo fýkur ruslið inn í nærliggjandi garða og svæði. Athugun blaðamanns staðfesti að svæðið í kringum grenndarstöðina mætti í besta falli teljast sóðalegt og illa hirt.

„En fatagámurinn er kjaftfullur og það kemst ekki ein drusla í hann til viðbótar. Það er alltaf verið að tala um að fólk sé að sóa og henda svo miklu svo að það reynir að gefa. En það verður ekkert úr þessu svona,“ segir íbúinn langþreyttur.

mikael@frettabladid.is




**Fatnaður af ýmsum toga leyndist í hrúgunni. Eigandi ætlaði þeim annað líf hjá nauðþurftafólki en fötin enda væntanlega í ruslinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Aðkoman að gámunum var ekki falleg og fjarri því einsdæmi að hún sé af þessum toga að sögn íbúa í nágrenninu sem hafa fengið sig fullsadda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Fatagámurinn er kjaftfullur og það kemst ekki ein drusla í hann til viðbótar.**
>
> Ósáttur íbúi í Gnoðarvogi




ÚRSLIT RÁÐAST Í KVÖLD!
SKÓLAHREYSTI
Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar tólf grunnskólar keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Hvolsskóli, Laugalækjarskóli, Heiðarskóli, Lindaskóli, Foldaskóli, Varmahlíðarskóli, Brekkuskóli, Holtaskóli, Flóaskóli og grunnskólar Ísafjarðar, Húnaþings vestra og Reyðarfjarðar. Það er ókeypis inn og við hvetjum alla til að mæta og styðja skólann sinn. Keppnin verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV kl. 20:00.
/skolahreysti
#skolahreysti
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Aðeins fimm daga bið eftir greiningu hjá Krabbameinsfélaginu

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðeins fimm daga tekur að lesa úr röntgenmyndum eftir skimun fyrir brjóstakrabbameini. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins segir það í takt við evrópskar leiðbeiningar þar um.

Á forsíðu Fréttablaðsins á mánudag var fjallað um skort á röntgenlæknum við skimun eftir brjóstakrabbameinum. Eftir umfjöllun blaðsins bárust Krabbameinsfélaginu ábendingar um að skilja mætti greinina svo að vegna skorts á læknum væru tafir á myndgreiningu, það er úrlestri röntgenmynda eftir skimun fyrir brjóstakrabbameini.

„Rétt er að árétta að svo er alls ekki heldur liggja niðurstöður röntgenmynda sem teknar eru við skimanir fyrir brjóstakrabbameini að jafnaði fyrir innan fimm daga frá því að skimun fer fram,“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands. „Ef niðurstöður röntgenmynda benda til að eitthvað krefjist frekari skoðunar er konum vísað í svokallaða sérskoðun af brjóstum, sem felst oftast í ómskoðun og eða ástungu.“

**Ljóst er að finna þarf leiðir sem duga til þess að biðtími sé alltaf innan ásættanlegra marka.**

Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins



Því er ekki svo að bið sé eftir þjónustunni frá Krabbameinsfélaginu. Að jafnaði er um 4 prósentum kvenna vísað í sérskoðun í framhaldi af skimun. Biðtími eftir þeirri skoðun var á tímabili allt of langur, eftir að framkvæmd skoðananna færðist til Landspítala þann 1. janúar 2017.

„Til að vinna niður biðlista hefur spítalinn endurtekið ráðið lækna að utan tímabundið. Ráðstafanir spítalans hafa gert það að verkum að biðtími eftir sérskoðunum hefur styst en enn þarf að bæta í til að biðin sé ekki lengri en tvær vikur eins og kveðið er á um í evrópskum leiðbeiningum,“ segir Halla enn fremur. „Ljóst er að finna þarf leiðir sem duga til þess að biðtími sé alltaf innan ásættanlegra marka og ekki verði til biðlisti sem krefst sérstaks átaks að ná niður.“ – sa

# Tatjana nýr formaður KFÍ

**FÉLAGSMÁL** Tatjana Latinovic var kjörin formaður Kvenréttindafélags Íslands (KFÍ) á aðalfundi félagsins í fyrradag. Hún er fyrst kvenna af erlendum uppruna til að gegna stöðunni í sögu félagsins sem var stofnað af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.



Tatjana Latinovic.

Tatjana, sem er formaður Innflytjendaráðs, var einn stofnenda Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

„Ég er stolt af að fá tækifæri til að feta í fótspor kvenna sem hafa gegnt formennsku á undan mér og hlakka til að leggja mitt af mörkum til að leiða það í áframhaldandi baráttu fyrir jafnrétti fyrir alla,“ sagði Tatjana í ávarpi á aðalfundinum. – sar

# Börn fundu dóp á glámbekk

**LÖGREGLUMÁL** Ellefu ára börn sem áttu leið um Suðurgötu í Keflavík á dögunum fundu tvo poka sem reyndust innihalda óblandað og afar sterkt amfetamín. Börnin fóru blessunarlega með pokana til lögreglunnar á Suðurnesjum.

„Það ætti ekki að spyrja að leikslokum hefðu yngri börn fundið þessa poka,“ segir í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurnesjum. Þar er eigandi pokanna hvattur til að sækja þá en börnunum hrósað í hástert fyrir hárrétt viðbrögð. „Ekki er hið sama hægt að segja um eigandann.“

Tilkynningin með mynd af efnunum hefur vakið nokkurn óhug hjá íbúum á Suðurnesjum sem margir tjá reiði sína við færslu lögreglunnar á Facebook. – smj

# Harðar deilur um frumvarp um þungunarrof á Alþingi

**Alþingismenn tókust harkalega á í gær í umræðum um þungunarrof. Sumir þingmenn vilja takmarka sjálfsákvörðunarrétt kvenna til þungunarrofs og færa löggjöfina aftur um áratugi. Formaður Flokks fólksins segir þingmenn vilja leyfa að börn verði drepin í móðurkviði. Atkvæðagreiðslu var frestað.**

**ALÞINGI** Atkvæðagreiðslu um frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof var frestað í gærkvöld eftir þriðju umræðu. Verður atkvæðagreiðsla um frumvarpið ekki haldin fyrr en í næstu viku. Mikill hiti var í umræðum á þinginu þar sem hart var tekist á um málið. Umræður stóðu yfir langt fram á kvöld.

Nokkrar breytingartillögur voru lagðar fram. Þar á meðal frá Guðmundi Inga Kristinssyni, þingmanni Flokks fólksins. Telur hann innihald frumvarpsins „algjörlega óverjandi, siðferðilega rangt og ganga gegn lífsrétti ófæddra barna“.

Breytingartillaga Guðmundar Inga gengur svo langt að réttindi kvenna hefðu verið færð aftur til ársins 1974. Samkvæmt tillögunni væru konur neyddar til að eiga fötluð börn og völd þeirra til sjálfsákvörðunar tekin af þeim.



Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar, sést hér í ræðustól við umræðurnar í gær. Mikill hiti var í umræðunum og þurfti þingforseti að biðja Ingu Sæland að gæta orða sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áður en hægt var að ganga til dagskrár vildu margir þingmenn ræða um fundarstjórn forseta vegna þess að frumvarpið væri á dagskrá. Einn þeirra, Inga Sæland formaður Flokks fólksins, hafði sig hvað mest í frammi og talaði um að konur dræpu börn sín í móðurkviði, við lítinn fögnuð forseta þingsins.



Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.

„Það er markmiðið að þetta verði gert [að lagafrumvarpið verði að lögum] og það hefur þessi salur sannarlega sýnt með frábærum húrrahrópum og gleðihljóðum. Þegar við tökum hér ákvörðun um að 22 vikna ófullburða barn verði drepið í móðurkviði. Og ég mun alltaf segja nei,“ sagði formaður Flokks fólksins.

Steingrímur J. Sigfússon bað þingmanninn um að gæta orða sinna. „Forseti biður háttvirta þingmenn að gæta orða sinna, hafa ró í salnum og ég mun ekki líða orðbragð eða framgöngu af þessu tagi,“ sagði Steingrímur.

Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, óskaði þess að gerð yrði breyting á frumvarpinu og umræðu um það frestað fram í næstu viku. Við því var hins vegar ekki orðið. „Nú liggur fyrir að tveir þingmenn hafa lagt fram breytingartillögur til að gera tilraun til að ná slíkri sátt sem náðist ekki greinilega í velferðarnefnd,“ sagði Óli Björn á þingi í gær. „Á grundvelli þess hef ég óskað eftir því að umræðunni verði frestað um nokkra daga, það er nú það eina sem beðið er um.“

sveinn@frettabladid.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF · REYKJADALUR

**Aðalfundur**

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins að Háaleitisbraut 13,
**þriðjudaginn 14. maí kl. 17,00.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

*Stjórnin*

# Ótímabundnu hléi á samskiptum íslenskra stjórnvalda við Rússa lokið

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld eru smám saman að vinda ofan af aðgerðum sínum gegn Rússlandi en fyrir rúmu ári ákvað ríkisstjórnin að tvíhliða fundum með rússneskum ráðamönnum yrði slegið á frest ótímabundið til að mótmæla eiturefnaárás Rússa í breska bænum Salisbury sem beindist gegn Sergej Skrípal, rússneskum gagnnjósnara á eftirlaunum. Um samstilltar aðgerðir vestrænna ríkja var að ræða.

„Eins og jafnan gildir um slíkar diplómatískar aðgerðir þá eru þær tímabundnar í eðli sínu,“ segir í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í svarinu kemur fram að fyrstu skref íslenskra stjórnvalda hafi verið tekin síðastliðið haust í tilefni af 75 ára afmæli stjórnmálasambands milli ríkjanna tveggja.

**Eins og jafnan gildir um slíkar diplómatískar aðgerðir þá eru þær tímabundnar í eðli sínu.**

Úr svari utanríkisráðuneytisins

Í síðasta mánuði áttu forsetar ríkjanna tveggja, Guðni Th, Jóhannesson og Vladimír Pútín, fund í Pétursborg í tengslum við alþjóðlega norðurslóðaráðstefnu. Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tók þátt í ferð forsetans til Rússlands í fjarveru Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, sem átti ekki heimangengt vegna þriðja orkupakkans sem var til meðferðar á Alþingi.

Guðlaugur Þór hitti hins vegar Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, á fundi í Rovaniemi í Finnlandi fyrr í vikunni í aðdraganda utanríkisráðherrafundar Norðurskautsráðsins.

Í fyrrgreindu svari utanríkisráðuneytisins segir að það sé fyllilega í takt við stefnu annarra vestrænna stjórnvalda og í samræmi við stefnu Íslands að tvíhliða samtöl við rússneska ráðamenn á æðsta stigi stjórnsýslunnar fari fram.

Heimildir blaðsins herma að utanríkisráðherra hafi fyrir nokkrum mánuðum lagt fram minnisblað í ríkisstjórn um fyrirhuguð samskipti við Rússa að nýju. Beiðni Fréttablaðsins um aðgang að minnisblaðinu var synjað. – aá



Hitta vinina?
Hoppaðu upp í Polo!
ZR P42
Komdu og náðu þér í nýjan Polo á sumartilboði.
Stærra innanrými, ný vélartækni og frábært upplýsinga- og afþreyingarkerfi gera allar bílferðir að skemmtireisum í nýjum Volkswagen Polo. Þú getur valið um fjölmörg aðstoðarkerfi og búnað svo að þinn Polo verði nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann. Hlökkum til að sjá þig!
Volkswagen Polo
Trendline, beinskiptur, 5 gíra
Sumartilboð
frá 2.340.000 kr.
5
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
hekla.is/volkswagensalur
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd




# Þriðji orkupakkinn vekur lítinn áhuga

**Meira en þriðjungur almennings veit ekki hvort hann er hlynntur eða andvígur samþykkt þriðja orkupakkans. Ráðherra orkumála segir kappkostað að koma upplýsingum á framfæri. Prófessor í stjórnmálafræði segir málið ekki þess eðlis að vekja almennan áhuga þrátt fyrir nokkurn hita í umræðunni.**

**STJÓRNMÁL** Áhugaleysi almennings á þriðja orkupakkanum er líkleg ástæða þess að margir hafa ekki gert upp hug sinn í málinu, segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Í niðurstöðum könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is, sem birtar voru í gær, kom í ljós að 36,3 prósent segjast ekki vita hvort þau séu hlynnt eða andvíg málinu. Einnig höfðu 31,2 prósent svarenda ekkert kynnt sér þriðja orkupakkann. Af þeim sem tóku afstöðu til málsins voru 48,7 prósent andvíg samþykkt þriðja orkupakkans. 29,6 prósent eru hlynnt og 21,7 prósent hlutlaus.

Grétar segir að þrátt fyrir að málið sé fyrirferðarmikið í umræðunni og nokkur hiti í kringum það sé það ekki þess eðlis að vekja áhuga hjá stórum hluta almennings. „Það vaknar sú spurning hvort fólk geti ekki sett sig inn í þetta og þess vegna vita 36 prósent ekki hvort þau séu hlynnt eða andvíg þriðja orkupakkanum. Eða bara hreinlega hvort fólk hafi ekki áhuga á þessu.“

Höfuðborgarbúar eru almennt hlynntari þriðja orkupakkanum en íbúar landsbyggðarinnar, mynstur sem Grétar segir dæmigert. „Það bendir kannski til þess að það hafi tekist að stilla málinu upp í eitthvert fullveldissamhengi.“

Grétar á erfiðara með að svara hvers vegna karlar eru almennt hlynntari þriðja orkupakkanum en konur. „Þarna er ég eiginlega mát. Kannski eru þær tortryggnari.“ Að öðru leyti falla niðurstöðurnar að hefðbundnum skoðanamynstrum.

**Mesti krafturinn hefur farið í að leiðrétta rangfærslur, oft að segja hvað felst ekki í þriðja orkupakkanum. Þetta sannar enn og aftur að réttar upplýsingar skipta máli.**

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra orkumála, segir kappkostað að leggja fram allar upplýsingar sem kallað sé eftir í málinu. „Stuðningur við málið er mestur hjá þeim sem hafa kynnt sér það og andstaðan er mest hjá þeim hópi sem þekkir ekki málið nægilega vel. Þetta er meginniðurstaða könnunarinnar.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar, tekur í sama streng. „Mesti krafturinn hefur farið í að leiðrétta rangfærslur, oft að segja hvað felst ekki í þriðja orkupakkanum. Þetta sannar enn og aftur að réttar upplýsingar skipta máli.“

Frosti Sigurjónsson, einn stofnenda Orkunnar okkar, félagasamtaka sem hafa barist hart gegn þriðja orkupakkanum, segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart. Þegar borið sé saman hverjir eru ýmist andvígir eða hlynntir þriðja orkupakkanum þá séu sex af hverjum tíu andvígir.

**Það vaknar sú spurning hvort fólk geti ekki sett sig inn í þetta og þess vegna vita 36 prósent ekki hvort þau séu hlynnt eða andvíg þriðja orkupakkanum. Eða bara hreinlega hvort fólk hafi ekki áhuga á þessu.**

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði



„Við höfum séð kannanir sem sýna mjög afgerandi andstöðu Íslendinga við að ákvarðanataka og forræði orkumála sé flutt úr landi. 90 prósent af orkukerfinu í dag eru í eigu almennings og ég held að fólk vilji fara gætilega,“ segir Frosti.

„Það kemur fram í könnuninni að meira en þriðjungur virtist ekki hafa haft tækifæri til að setja sig almennilega inn í málið. Ég tel að þjóðin þurfi aðeins meiri tíma til að skoða þetta. Það væri mjög góð lending ef þingið myndi geyma afgreiðslu málsins fram á haust.“

**arib@frettabladid.is**

## Kyn, búseta og menntun hafa áhrif á viðhorf




## Hversu vel hefur þú kynnt þér þriðja orkupakkann?

| | Hlynnt/ur | Hvorki né | Andvíg/ur |
|---|---|---|---|
| Vel | 46 | 4 | 50 |
| Hvorki né | 26 | 24 | 50 |
| Illa | 19 | 36 | 46 |
| Hef ekki kynnt mér þriðja orkupakkann | 12 | 42 | 45 |




FIMMTUDAGINN 9. MAÍ KL. 17-19

EVRÓPUDAGUR MATAR OG MENNINGAR

Í tilefni Evrópudagsins býður sendinefnd ESB á Íslandi til veislu í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Í boði verður ýmiskonar matur og drykkir ásamt fjölbreyttri tónlist og dansi, víðsvegar að úr Evrópu.

Þennan dag fögnum við friði og samstarfi í Evrópu og öllum þeim tækifærum, frelsi og réttindum sem evrópskt samstarf hefur veitt okkur. Alls fimmtán sendiráð ESB-landanna standa að veislunni með okkur. **Sjáumst við Tjörnina!**

Sendinefnd ESB á Íslandi

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



LAMBALÆRI 2099kr/kg
VILLIBRÁÐAR KRYDD

LAMBALÆRI 2199kr/kg
SUÐRÆN KRYDD

APPELSÍNU MARINERINGU
LAMBALÆRIS SNEIÐAR 2599 kr/kg

SUÐRÆN KRYDD
LAMBALÆRIS SNEIÐAR BLAND 1999 kr/kg

INNRALÆRI 3699 kr/kg
HVÍTLAUKS RÓSMARÍN

NAUTAFILE 4399 kr/kg
SVEPPA KRYDDLEGI

## MIKIÐ ÚRVAL AF GIRNILEGU GRILLKJÖTI Á BETRA VERÐI



BBQ
KRYDD BLANDA
GRÍSAHNAKKI 2499 kr/kg

GRÍSAKÓTILETTUR 2399 kr/kg
HVÍTLAUKS RÓSMARÍN

GRILLPYLSUR 599 kr/kg 7 STK

KETO PYLSUR 599 kr/kg 7 STK



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1
FAXAFENI 14



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2

## OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

# Kosið aftur í Tyrklandi eftir tap AKP

**Ósk Tyrklandsforseta og samflokksmanna úr Réttlætis- og þróunarflokknum uppfyllt og borgarstjórnarkosningar í Istanbúl verða endurteknar. Forsetinn segir spillingu hafa ráðið úrslitum en stjórnarandstöðuflokkurinn CHP vann með afar litlum mun.**



**İmamoğlu þarf að berjast aftur fyrir sætinu.** NORDICPHOTOS/AFP

**TYRKLAND** Kosið verður á ný um borgarstjóra tyrknesku stórborgarinnar Istanbúl þann 23. júní. Svo úrskurðaði landskjörstjórn í gær. Lýðveldisflokkurinn (CHP), stærsti stjórnarandstöðuflokkur Tyrkja, hafði betur þegar kosningarnar voru fyrst haldnar þann 31. mars síðastliðinn. Ekrem İmamoğlu fékk þá 48,77 prósent atkvæða en Binali Yıldırım, fyrrverandi forsætisráðherra og frambjóðandi stjórnarliða úr Réttlætis- og þróunarflokknum (AKP), fékk 48,61 prósent.

Samkvæmt breska ríkisútvarpinu sagði Recep Ozel, fulltrúi AKP í landskjörstjórn, að ýmsir meðlimir kjörstjórnar í Istanbúl hefðu ekki verið opinberir starfsmenn líkt og lög kveða á um. Onursal Adiguzel, varaformaður CHP, heldur því hins vegar fram að ákvörðunin sýni einfaldlega fram á að það sé „ólöglegt að hafa betur gegn AKP“ og að ákvörðunin sé til marks um að Tyrkland sé einræðisríki.

Recep Tayyip Erdoğan, forseti og AKP-liði, fagnaði ákvörðun landskjörstjórnar í gær enda hafði hann ítrekað krafist þess að kosningarnar yrðu ógiltar og svo endurteknar. „Þessi úrskurður mun útrýma öllum vafa um niðurstöðurnar í Istanbúl og þar með styrkja tyrkneskt lýðræði,“ sagði hann.

Forsetinn sagði einnig að það væri ósatt að AKP væri ósáttur við niðurstöðurnar. „Við erum handviss um að skipulögð glæpastarfsemi, spilling, lögleysi og brestir hafi verið í framkvæmd kosninganna í Istanbúl,“ hafði tyrkneski ríkismiðillinn eftir forseta sínum.

Reuters greindi frá því að tyrkneska líran hefði hríðfallið gagnvart Bandaríkjadal eftir að tilkynnt var um ákvörðunina. Við brást Erdogan með því að segja að spellvirki væru vísvitandi unnin á tyrkneska hagkerfinu. „Hvernig ætlum við að bregðast við því? Á sama hátt og við höfum gert við hryðjuverkamönnum.“

> **Við erum handviss um að skipulögð glæpastarfsemi, spilling, lögleysi og brestir hafi verið í framkvæmd kosninganna í Istanbúl.**
>
> Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands

Ekrem İmamoğlu, fyrrnefndur frambjóðandi CHP, fordæmdi ákvörðunina í ræðu sem sýnd var í beinni á samfélagsmiðlum. „Við munum aldrei gefa prinsipp okkar upp á bátinn. Tyrkland byggja 82 milljónir föðurlandsvina sem munu berjast til síðasta blóðdropa fyrir tyrkneskt lýðræði,“ sagði frambjóðandinn á meðan samtök stuðningsmanna hans hvöttu til stillingar og sögðust fullviss um að sigur myndi vinnast á ný.

Evrópusambandið brást sömuleiðis illa við ákvörðun tyrknesku landskjörstjórnarinnar. Federica Mogherini utanríkismálastjóri kallaði eftir tafarlausum útskýringum. „Það að tryggja frjálst, gegnsætt og sanngjarnt kosningaferli er lykilatriði fyrir hvert lýðræðisríki. Þessi afstaða er grundvallaratriði í samskiptum Evrópusambandsins og Tyrklands,“ sagði Mogherini.

ESB hefur áður lent upp á kant við Tyrki vegna tyrknesks lýðræðis. Fyrr á þessu ári samþykkti meirihluti Evrópuþingsins að frysta aðildarviðræður Tyrkja vegna áhyggja af stöðu lýðræðisins þar í landi. Þetta gerði Evrópuþingið einnig árið 2016 eftir að tyrkneska ríkisstjórnin handtók og rak fjölmarga opinbera starfsmenn vegna meintra tengsla við hreyfingu útlæga klerksins Fethullah Gülen, sem Erdoğan-stjórnin telur hafa staðið á bak við valdaránstilraun fyrr sama ár.

Forsetinn og aðrir úr flokki hans hafa einnig gert athugasemdir við framkvæmd borgarstjórakosninga í höfuðborginni Ankara og í Izmir. Ekki hefur hins vegar verið ákveðið að endurtaka kosningar í þeim borgum. **thorgnyr@frettabladid.is**





ENNEMM / SÍA / NM92814

**Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.**

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is





Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038




Opið virka daga
kl. 12-18
Takmarkað magn!

2.-10. maí.



FRAMLENGJUM TIL 10.MAÍ – FRAMLENGJUM TIL 10.MAÍ

# LAGERSPRENGJA 20-70%

afsláttur af skiptidýnum,eldri gerðum, 80 og 90 cm hóteldýnum, 180 og 200 cm dýnum, hlífðardýnum, sófasettum, hvíldarstólum, náttborðum,lökum, hótel baðmottum, handklæðum, sængurverasettum o.fl. o.fl.

# SÓFA DAGAR



Hvíldarstólar



Sófar

**20%** afsláttur af mjúkvöru í verslun

**10-50%** afsláttur af hvíldarstólum og sófum í verslun meðan á lagersölu stendur



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30

*3.5% lántökugjald

www.svefnogheilsa.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Rugl og pólitík



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Daginn eftir Brexit-kosningarnar sneri blaðamaðurinn Carole Cadwalladr aftur á heimaslóðir, í smábæ í Suður-Wales, til að skrifa fréttaskýringu. Cadwalladr er þekktust fyrir að afhjúpa kaup málaliða hjá Cambridge Analytica á gögnum um 87 milljónir Facebook-notenda, sem notuð voru í sálfræðihernaði gegn kjósendum í Bandaríkjunum og Bretlandi. Í heimabænum kusu 62 prósent bæjarbúa með Brexit.

Eins og í mörgum smábæjum þurftu íbúar að þola mikinn andbyr þegar kolanámum var lokað og stáliðnaður leið undir lok seint á síðustu öld.

Bæjarbragurinn við heimkomuna kom Cadwalladr á óvart. Glænýr háskóli var risinn, vegleg íþróttamiðstöð hafði litið dagsins ljós – 350 milljóna punda uppbygging meira og minna kostuð af sjóðum ESB blasti við hvert sem litið var. Þar fyrir utan voru 77 milljóna punda samgönguumbætur fyrirhugaðar. Nóga vinnu var að fá í blómlegum bæ.

Í fyrirlestri á dögunum greindi Cadwalladr frá samtali við ungan mann í nýreistu íþróttahúsinu. Hann sagðist hafa kosið með útgöngu og spurði hana: Hvað hefur ESB gert fyrir okkur? Þar sem hann stóð í íþróttahúsinu sem byggt var fyrir styrki frá ESB. Um allan bæ var sömu sögu að segja. En fólk var þreytt á ESB, og aðallega á innflytjendum og flóttafólki.

Þetta kom henni spánskt fyrir sjónir, þar sem hvergi var útlending að sjá. Að vísu varð pólsk kona á vegi hennar, sem sagðist vera meðal örfárra útlendinga í bænum.

Eftir að fréttaskýringin birtist hafði kona úr bænum samband við hana og tjáði sig um áhrif Facebook á hana í aðdraganda Brexit. Hæst bar hræðsluáróður um innflytjendur og væntanlega inngöngu Tyrklands í ESB.

Brexit-kosningaumræðan fór fram í myrkri meira og minna, því að Facebook réð ferðinni. Það sem gerist á Facebook, er bara á Facebook, því að þú ert sá eini sem sérð eigin fréttaveitu. Engin leið er að vita hver sá hvað, hvaða áhrif það hefur eða hvaða staðleysum er haldið að fólki því Mark Zuckerberg vill ekki deila því með okkur. Enginn veit hver borgar fyrir auglýsingarnar, eða hversu mikið.

Við nánari skoðun var innflytjendavandinn í bænum tilbúningur og Tyrkland ekki einu sinni í viðræðum um að ganga í ESB. Þetta er vandinn í hnotskurn.

Í könnun Fréttablaðsins í gær kom í ljós að tæpur helmingur vill ekki að Alþingi samþykki þriðja orkupakkann. Innan við þriðjungur er því fylgjandi. Tæp 59 prósent segjast ekki hafa kynnt sér málið eða kynnt sér það illa. Athygli vekur að stuðningur við pakkann eykst eftir því sem fólk hefur kynnt sér málið betur.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fór mikinn í Silfrinu síðasta sunnudag. Hún virðist halda að með innleiðingu orkupakkans getum við öll, ég og þú, virkjað ár og lagt sæstreng án opinberra afskipta. Þetta er ekki rétt. Lágmarkskrafa er að stjórnmálamenn kynni sér mál sem fjallað er um. Pólitíkusar mega heldur ekki verða meðvirkir bullinu.

Svona málflutning þarf að leiðrétta. Hátt og snjallt. Hann er ógn við sjálft lýðræðið.

**Lágmarkskrafa er að stjórnmálamenn kynni sér mál sem fjallað er um. Pólitíkusarnir mega heldur ekki verða meðvirkir bullinu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Frelsissigur**

**Blaðamennirnir Wa Lone og Kyaw Soe Oo voru í gær leystir úr haldi í Mjanmar eftir að hafa dvalið í fangelsi í útjaðri Yangon í rúma 500 daga. Þeir voru dæmdir í sjö ára fangelsi í september fyrir brot á löggjöf um ríkisleyndarmál. Raunverulegur glæpur þeirra var þó auðvitað skrif um fjöldamorð á Róhingjum í Rakhine. Kúgun Róhingja af hálfu yfirvalda og hers er ekki ný af nálinni, rannsakendur á vegum Sameinuðu þjóðanna sökuðu mjanmarska herforingja um þjóðarmorð í haust. Nú hefur forseti landsins náðað blaðamennina eftir mikinn, alþjóðlegan þrýsting og er þessari tilteknu orrustu um tjáningar- og fjölmiðlafrelsi því lokið, sem betur fer með sigri frelsisins.**

**Ærandi þögn**

**Vigdís Hauksdóttir, hin háværa rödd Miðflokksins í borgarstjórn, er þögnuð. Frá þessu greindi hún á Facebook í gær. Þögnin er ekki varanleg enda sagðist borgarfulltrúinn einfaldlega hafa misst röddina. Því hafi hún óskað eftir því að umræðu um hlutverk Reykjavíkurflugvallar í öryggiskerfi landsins verði frestað. Ekki væri gott fyrir Vigdísi að missa af þeirri umræðu, enda svo ötull talsmaður Reykjavíkurflugvallar að hún stökk út úr flugvél fyrir málstaðinn í kosningabaráttunni.**

thorgnyr@frettabladid.is

## Mannauður kennara



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Menntamálaráðherra leggur til að gefið verði út eitt leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum í stað þriggja samkvæmt núgildandi lögum. Þetta myndi opna á möguleika fyrir kennara að kenna með full réttindi á fleiri skólastigum en núverandi kerfi heimilar. Verði frumvarpið að lögum gætu falist í því fjölmörg tækifæri fyrir Reykjavíkurborg.

Með bindingu leyfisbréfa við tiltekið skólastig er æskilegt flæði kennara milli skólastiga hindrað. Með breytingunni eykst sveigjanleiki í starfi kennara verulega. Líklegt er að frumvarpið verði til þess að auka á svigrúm í skólastarfi, bæði hvað varðar starfsþróun kennara og þróun á fagstarfi. Skólastjórnendur munu hafa úr stærri potti að velja þegar kemur að ráðningum og meiri möguleika á að fá inn kennara með þá sérhæfingu sem vantar. Breytingin skapar tækifæri fyrir skólastjórnendur í Reykjavík til að ráða inn kennara með reynslu á ólíkum stigum.

Aukin réttindi og tækifæri til starfsþróunar ættu að styrkja stéttina og gera kennarastarfið meira aðlaðandi. Einnig mun starfsöryggi kennara aukast, en þeir sem ráða sig til kennslu milli skólastiga eru núna ráðnir inn sem leiðbeinendur og störf þeirra auglýst árlega. Þannig má með frumvarpinu vonast eftir aukinni aðsókn í kennaranám og að lærðir kennarar sem ekki starfa við kennslu snúi sér að kennslu. Í ljósi skorts á fagmenntuðum kennurum í leik- og grunnskólum ber að fagna hugmyndum sem kunna að fjölga í stéttinni.

Á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar, þegar ný störf verða til, munu skólabörn dagsins í dag þurfa að tileinka sér annars konar færni en fyrri kynslóðir. Þannig munu samskipti, samstarf, tilfinningagreind, sköpun og lausnamiðuð hugsun fá aukið vægi. Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á lestur, stærðfræði, tækni og vísindi. Það er því ljóst að þeir sem græða mest á því að kennarar séu með ólíkan bakgrunn og þekkingu eru nemendur. Með frumvarpinu fá kennarar fjölbreyttari tækifæri til að þróa sig í starfi og gæði skólastarfsins munu aukast. Þegar öllu er á botninn hvolft er fyrst og fremst um hagsmunamál nemenda að ræða.

**Skólastjórnendur munu hafa úr stærri potti að velja þegar kemur að ráðningum og meiri möguleika á að fá inn kennara með þá sérhæfingu sem vantar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# 7% þjóðarinnar glíma við afleiðingar heilaskaða



**Stefán John Stefánsson**
verkefnastjóri hjá Hugarfari

Mörg hundruð Íslendingar fara í endurhæfingu á hverju ári vegna slysa eða sjúkdóma. Markmiðið með endurhæfingu sjúklinga er að þeir geti náð fótfestu í lífinu á ný og tekið aftur þátt á vinnumarkaði. Til að ná þessu markmiði þarf greiningin að vera áreiðanleg, endurhæfingin þarf að vera sérhæfð og jafnframt er mikilvægt að mat á starfshæfni sé markviss þáttur í endurhæfingarferlinu. Það er stór hópur einstaklinga í þjóðfélaginu sem fær ekki meðferð við hæfi en það eru einstaklingar með ákominn heilaskaða. Eins og staðan er í dag er engin langtímaendurhæfing í boði og jafnframt vantar að byggja upp þverfaglega nálgun í allt endurhæfingarferlið.

Ljóst er að aðeins brot af þeim sem hljóta ákominn heilaskaða fær þá endurhæfingu sem þeir þurfa en talið er að 7% þjóðarinnar glími við afleiðingar vegna heilaskaða. Árlega hljóta um 1.500 manns höfuðáverka á Íslandi og helmingur er börn undir 19 ára aldri. Í dag hljóta einungis um 10-20% sérhæfða meðferð en það er bara brot af þeim fjölda sem þarf á meðferð að halda, eftir sitja um 80-90% án greiningar, meðferðar og eftirfylgni. Það vantar langtímaeftirfylgd og fjölbreyttari úrræði að lokinni endurhæfingu, bæði félagsleg og vinnutengd. Alvarlegust er þó staða barna sem hljóta heilaskaða en í heilbrigðiskerfinu er ekki til skilgreint greiningarferli eða formleg endurhæfing fyrir börn með heilaskaða.

En hvað tekur við að endurhæfingu lokinni? Örorka!

Endurhæfingu einstaklinga með ákominn heilaskaða er ágætlega sinnt að mörgu leyti bæði í einstaklingsmiðuðum og hópmeðferðum, að undanskilinni einstaklingsmiðaðri langtímameðferð og meðferð barna með ákominn heilaskaða. En hvað tekur við eftir að meðferð lýkur á Reykjalundi eða Grensásdeild? Kannski lyfseðill í Gáttinni, klapp á bakið og ósk um velgengni í nýja lífinu! Eftir að endurhæfingu lýkur í heilbrigðiskerfinu þurfa einstaklingar sem hljóta heilaskaða að aðlagast lífinu á ný oft á tíðum sem breyttir einstaklingar og því fylgir gríðarleg óvissa og óöryggi. Eftir margar vikur og jafnvel mánuði í góðu utanumhaldi, umvafðir vernd og umönnun fagaðila og stofnana þurfa einstaklingar að takast á ærið allt sjálfir. Það er enginn sem heldur í höndina á þeim, aðstæður eru engu nær og blákaldur raunveruleikinn tekur við. Einstaklingar þurfa að fá leiðsögn og stuðning á þessari vegferð til þess að ná fótfestu í lífinu á ný.

**Ljóst er að aðeins brot af þeim sem hljóta ákominn heilaskaða fær þá endurhæfingu sem þeir þurfa en talið er að 7% þjóðarinnar glími við afleiðingar vegna heilaskaða.**

Í þessari nýju tilveru er algengt að einstaklingar með ákominn heilaskaða einangrist félagslega að meðferð lokinni og margir glíma við þunglyndi og kvíða vegna þessa. Ef einstaklingar sækjast sjálfir eftir því þá er hægt að komast að í starfsendurhæfingu og jafnvel að komast að hjá félagsráðgjafa eða sálfræðingi. Afleiðingar heilaskaða eru m.a. framtaksleysi og skert innsæi og því er ljóst að þeir eru ekki að fara að sækja þessa þjónustu að eigin frumkvæði. Það er gríðarlega kostnaðarsamt fyrir samfélagið að bjóða ekki upp á langtímameðferð fyrir einstaklinga með ákominn heilaskaða – ef hún er ekki í boði þá enda þeir á örorku.

2019 | Ársfundur Samáls

Álið er hluti af lausninni

**Ársfundur Samáls verður haldinn í Kaldalóni í Hörpu 9. maí frá kl. 8:30 til 10:00.**

Fjallað verður um stöðu og horfur í áliðnaði á Íslandi og á heimsvísu og rætt um hlutverk áls í að draga úr loftslagsvandanum. Statnett sýnir þjálfunarbúnað í sýndarveruleika og nýr rafbíll frá Jaguar, I-Pace, verður til sýnis, sem er úr frumframleiddu og endurunnu áli.

Boðið verður upp á morgunverð kl. 8:00 og kaffi og veitingar að fundi loknum.

Fundarstjóri er Sólveig Kr. Bergmann.

Skráning fer fram á www.samal.is.

**Dagskrá:**

**Staða og horfur í áliðnaði**
Magnús Þór Ásmundsson
*stjórnarformaður Samáls og forstjóri Alcoa Fjarðaáls*

**Ávarp**
Katrín Jakobsdóttir *forsætisráðherra*

**Verðmætasköpun í hálfa öld**
Ingólfur Bender
*aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins*

**Nýsköpun í öryggismálum**
Kristín Sigurjónsdóttir
*framkvæmdastjóri AMS*

**Fókusinn er á umhverfið**
Steinunn Dögg Steinsen
*framkvæmdastjóri öryggis- og umhverfismála hjá Norðuráli*

**Stefnumótun út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna**
Hrund Gunnsteinsdóttir
*framkvæmdastjóri Festu*

**Hringrásarhagkerfið**
Pétur Blöndal
*framkvæmdastjóri Samáls*



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Kraftaverkakvöld á Anfield



Í fjarveru Mohameds Salah og Roberto Firmino voru það Divock Origi og Gini Wijnaldum sem skoruðu mörkin í 4-0 sigri Liverpool á Barcelona í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu og skutu Liverpool í úrslitaleikinn. Fæstir áttu von á því að Liverpool gæti strítt Lionel Messi og félögum eftir úrslit fyrri leiksins en eins og oft áður komst Liverpool liðið í einhvern ham á Evrópukvöldi í Liverpool-borg. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fyrsta árið verður lærdómsferli

Viktor Gísli Hallgrímsson hefur verið orðaður við erlend lið undanfarin ár en þessi 18 ára markvörður fær nú draum sinn um að leika utan landsteinanna uppfylltan. Mun leika með danska liðinu GOG næstu þrjú árin.

**HANDBOLTI** Tilkynnt var í gær um félagaskipti Viktors Gísla Hallgrímssonar, landsliðsmarkvarðar í handbolta, frá Fram til danska úrvalsdeildarliðsins GOG. Viktor Gísli fór til reynslu hjá liðinu í upphafi þessa árs og hefur síðan verið orðaður við félagið. Nú hefur það verið staðfest hver næsti áfangastaður þessa unga og upprennandi markvarðar verður.

„Það sem heillar mig mest við félagið er bara að þetta er stórt félag á danskan mælikvarða og danska úrvalsdeildin er sterk deild. Liðinu hefur gengið vel undanfarin ár og það er mjög líklegt að liðið muni leika í Evrópukeppni á næsta keppnistímabili sem verður frábær reynsla. Þetta er hæfilega stórt skref fyrir mig og gott næsta skref á ferlinum. Ég stefni hátt á mínum ferli og þetta er liður í því,“ segir Viktor Gísli í samtali við Fréttablaðið.

„Það hjálpaði svo til við ákvörðunina að þarna verða tveir íslenskir leikmenn í leikmannahópnum. Arnar Freyr [Arnarsson] sem er frændi minn og Óðinn Þór [Ríkharðsson] sem ég spilaði með hjá Fram á sínum tíma. Það er gott að vera með einhverja í liðinu sem ég þekki og geta aðstoðað mig í mínum fyrstu skrefum sem atvinnumaður.“

GOG er að skipta algerlega um markvarðasveit en liðið sem er komið í undanúrslit úrslitakeppninnar eftir að hafa lent í öðru sæti dönsku úrvalsdeildarinnar mun treysta á Viktor Gísla og sænskan landsliðsmarkvörð sem koma báðir til liðs við félagið í sumar.

„Liðið spilar skemmtilegan handbolta og leikstíl sem hentar mér vel. Þeir spila 6-0 vörn og leggja áherslu á hraðaupphlaup og það á vel við mig. Þarna verður með mér í markvarðasveit reyndur markvörður, Dan Beutler, sem er sænskur landsliðsmarkmaður sem hefur leikið við góðan orðstír í Svíþjóð og í fjölda ára í þýsku efstu deildinni. Ég lít á fyrsta árið bara sem lærdómsferli þar sem ég mun læra mjög mikið af reynslumiklum og góðum markverði. Það er hollt fyrir mig að skipta um umhverfi og fá aukna samkeppni,“ segir þessi metnaðarfulli markmaður.

Viktor Gísli lék í apríl síðastliðnum sinn fyrsta mótsleik fyrir A-landsliðið eftir að hafa leikið fjölda leikja fyrir yngri landsliðin, verið í leikmannahópi A-landsliðsins og spilað vináttulandsleiki fyrir A-liðið. Hann varði mark íslenska liðsins með stakri prýði í jafntefli gegn Norður-Makedóníu ytra í undankeppni EM 2020.

„Ég vonast til þess að ég muni bæta mig umtalsvert hjá nýja liðinu og það hjálpi mér með að festa mig í sessi í A-landsliðinu. Það sem mig hefur kannski skort er stöðugleiki og vonandi finn ég hann í Danmörku. Ég er mjög spenntur að flytja út, búa í öðru landi og spila reglulega við sterka leikmenn,“ segir Viktor um framhaldið hjá sér.

hjorvaro@frettabladid.is




Viktor hefur verið að brjóta sér leið inn í landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Pepsi Max-deild kvenna**

**Keflavík - ÍBV 0-2**
0-1 Cloé Lacasse (55.), 0-2 Clara Sigurðardóttir (84.).

**Selfoss - Breiðablik 1-4**
0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (8.), 0-2 Alexandra Jóhannsdóttir 1-2 Darian Powell (34.), 1-3 Hildur Antonsdóttir (42.), 1-4 Agla María Albertsdóttir (82.).

**Stjarnan - HK/Víkingur 1-0**
1-0 Jana Sól Valdimarsdóttir (73.)

**Meistaradeild Evrópu**

**Liverpool - Barcelona 4-0**
1-0 Divock Origi (6.), 2-0 Gini Wijnaldum (54.), 3-0 Wijnaldum (56.), 4-0 Origi (79.).

*Liverpool hafði betur í einvíginu 4-3 og mætir Ajax eða Tottenham í úrslitum.*

*Seinni leikur Ajax og Tottenham fer fram í Amsterdam í kvöld en hollenska liðið fór með 1-0 sigur af hólmi í fyrri leiknum í London í síðustu viku.*

## Ólafía komin inn á Opna bandaríska

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir tryggði sér aðfaranótt þriðjudagsins þátttökurétt á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi. Það gerði hún með því að fara með sigur af hólmi á úrtökumóti á Walnut Creek vellinum í Kaliforníu þar sem einungis sigurvegarinn á mótinu fékk farseðilinn á Opna bandaríska.

Ólafía Þórunn lék hringina tvo á mótinu á samtals 139 höggum eða fimm höggum undir pari vallarins. Fyrri hringinn lék hún 69 höggum og svo þann síðari á 70 höggum.

Ólafía mun því taka þátt í Opna bandaríska sem er eitt af fimm risamótunum í golfi kvenna annað árið í röð en Ólafía komst ekki í gegnum niðurskurðinn á mótinu í fyrra.

Að þessu sinni verður mótið spilað í Charleston í Suður-Karólínu og fer fram dagana 30. maí til 3. júní. – hó



## Jafntefli dugar gegn Portúgal

**FÓTBOLTI** Piltalandsliðið skipað leikmönnum undir sautján ára aldri mætir Portúgal í hreinum úrslitaleik um hvort liðið fylgir Ungverjum upp úr riðlinum á lokakeppni Evrópumótsins sem fer fram á Írlandi þessa dagana. Þetta varð ljóst eftir naumt tap Íslands gegn Ungverjalandi í gær og sigur Portúgals á Rússlandi síðar um daginn.

Ungverjar komust yfir snemma leiks áður en Mikael Egill Ellertsson jafnaði metin fyrir Ísland í upphafi seinni hálfleiks. Vítaspyrna var dæmd á íslenska liðið undir lok leiksins sem András Németh skoraði úr á 90. mínútu.

Ísland og Portúgal leika því upp á hvort liðið fylgir Ungverjum áfram í 8 liða úrslitin. Jafntefli dugar Íslandi vegna markatölunnar. – kpt

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. maí 2019 — 18. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Það er hluti af sterkri sjálfsmynd þjóðar að vera í samstarfi en keppa á sama tíma**

Halldór Benjamín Þorbergsson

# Nýtt skeið er runnið upp

EES-samningurinn á að vera í forgrunni allrar ákvörðunartöku íslensks atvinnulífs að sögn framkvæmdastjóra SA og SI. Mikilvægt sé að leiða þriðja orkupakkann í lög og einblína á stórar áskoranir fram undan. Furða sig á kúvendingu Alþýðusambands Íslands. » 6-7




**» 2**

### Setja 15 prósenta hlut í HS Veitum í söluferli

Fagfjárfestar og lífeyrissjóðir hyggjast selja tæplega 42 prósenta eignarhlut í félagi sem er næststærsti hluthafinn í HS Veitum. Virði fyrirtækisins var metið á um 20 milljarða í árslok.

**» 4**

### Áliðnaðurinn þarf umhverfi til að vaxa

Stjórnvöld þurfa að vera á tánum til að halda samkeppnishæfni í áliðnaði að sögn forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Framleiðslan færist í auknum mæli til Kína þar sem hún er niðurgreidd og óumhverfisvæn.

**» 10**

### Orka og staðreyndavitund

„Í orkupakkaumræðunni virðist vanta staðreyndavitund – að tekin sé málefnaleg og gagnrýnin afstaða byggð á staðreyndum málsins en ekki upphrópunum,“ segir Konráð Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.





# Gestum Bláa lónsins fækkaði í fyrsta sinn í mörg ár

Gestum Bláa lónsins fækkaði í apríl miðað við sama mánuð í fyrra en þetta er í fyrsta skipti í mörg ár sem ferðaþjónusturisinn fær færri gesti til sín en árið á undan. Þetta staðfestir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, í samtali við Markaðinn.

„Við fundum fyrir fækkun í fjölda ferðamanna í apríl eins og aðrir í greininni. Ég myndi halda að þetta sé í fyrsta skiptið í sex eða sjö ár sem greinin er að sjá svona fækkun á milli ára,“ segir Grímur en bætir við að bókunarstaðan fyrir sumarið sé góð.

Erlendum ferðamönnum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 18,5 prósent í apríl miðað við sama mánuð í fyrra samkvæmt talningu Ferðamálastofu og Isavia. Grímur segir að aprílmánuður hafi verið óvenjulegur þar sem miklar sviptingar hafi verið í fluggeiranum og nefnir hann í því samhengi fall WOW air, kyrrsetningu Boeing MAX-vélanna og verkfallið hjá SAS.

„Síðan voru tveir dagar í apríl þar sem allt var á öðrum endanum í Leifsstöð vegna óveðurs. Það má segja að þetta hafi allt lagst á eitt,“ segir Grímur. Þá sé jákvætt að búið sé að eyða óvissu á vinnumarkaði og óvissunni í kringum WOW air. Miðað við stöðuna í byrjun árs sé útlit fyrir prýðisár í ferðaþjónustu.

Tekjur Bláa lónsins, eins stærsta ferðaþjónustufyrirtækis landsins, námu um 15,5 milljörðum króna frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra. Hagnaður félagsins var ríflega 2,6 milljarðar króna á tímabilinu. – **tfh**

**2,6**

**milljarðar króna er hagnaður Bláa lónsins frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra.**



**Grímur Sæmundsen, forstjóri og einn stærsti hluthafi Bláa lónsins.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






**Áætlaðar tekjur HS Veitna á þessu ári eru rúmlega 7,4 milljarðar. króna**

# Bjóða 15 prósenta hlut í HS Veitum til sölu

**Fjárfestar hyggjast selja tæplega 42 prósenta hlut í félagi sem er næststærsti hluthafinn í HS Veitum. Samtals er um að ræða nærri 15 prósenta óbeinan hlut í fyrirtækinu sem er að mestu í eigu sveitarfélaga. Metið á 20 milljarða í árslok.**

Tæplega 42 prósenta hlutur í HSV eignarhaldsfélagi, sem er næststærsti hluthafi HS Veitna með um 34,4 prósenta hlut, hefur verið settur í opið söluferli. Á meðal þeirra fjárfesta sem hyggjast selja eignarhlut sinn eru Akur fjárfestingar og Tryggingamiðstöðin (TM) en auk þess munu lífeyrissjóðir selja hluta af sínum bréfum í félaginu.

Samtals er því um að ræða nærri fimmtán prósenta óbeinan hlut í HS Veitum en fyrirtækið, sem er með dreifikerfi á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, Árborg og Vestmannaeyjum, sér um sölu og dreifingu á heitu og köldu vatni ásamt dreifingu á raforku. Samkvæmt heimildum Markaðarins hófst söluferlið formlega í lok síðustu viku en það er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hefur umsjón með ferlinu.

Aðrir hluthafar HS Veitna eru sveitarfélögin Reykjanesbær, sem er stærsti eigandinn með 50,01 prósents hlut, Hafnarfjarðarbær, sem á 15,4 prósenta hlut, og þá fer Sandgerðisbær með 0,1 prósents hlut.

Í árslok 2018 var tæplega 16 prósenta eignarhlutur TM í HSV eignarhaldsfélagi, en hluturinn er ein stærsta fjárfestingareign tryggingafélagsins, metinn á nærri 1.100 milljónir króna í bókum félagsins. Miðað við það verðmat er markaðsvirði HS Veitna því samtals í kringum 20 milljarðar króna.

Í stuttri fjárfestakynningu vegna söluferlisins, sem ber heitið Project Heat og Markaðurinn hefur undir höndum, kemur meðal annars fram að áætlaður hagnaður HS Veitna fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) fyrir árið 2019 sé um 2,9 milljarðar króna og að tekjur muni aukast um liðlega 500 milljónir og verða samtals rúmlega 7,4 milljarðar króna.

Árlegur tekjuvöxtur fyrirtækisins á undanförnum fimm árum hefur að meðaltali verið rúmlega sjö prósent. Þá hefur vöxtur í EBITDA-hagnaði yfir sama tímabil verið um 10,6 prósent að meðaltali á ári og sem hlutfall af tekjum hefur EBITDA aukist úr 33 prósentum í 39 prósent. Hreinar vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins námu rúmlega 9,2 milljörðum króna í árslok 2018 og eiginfjárhlutfall félagsins var 44 prósent.

HSV eignarhaldsfélag kom fyrst inn í hluthafahóp HS Veitna árið 2014 þegar hópur fagfjárfesta og lífeyrissjóða, sem var leiddur af fjárfestingafélaginu Ursus, sem er í eigu Heiðars Guðjónssonar, keypti rúmlega 34 prósenta hlut í fyrirtækinu fyrir samtals 3.140 milljónir króna.

Stærstu hluthafar HSV eignarhaldsfélags eru Gildi lífeyrissjóður, TM, Akur fjárfestingar, Ursus, Almenni lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn.

**hordur@frettabladid.is**

**20**

**milljarðar var áætlað markaðsvirði HS Veitna í árslok 2018.**

### Hluthafar HS Veitna

| | |
|---|---|
| Reykjanesbær | 50,1% |
| HSV eignarhaldsfélag | 34,4% |
| Hafnarfjarðarbær | 15,4% |
| Sandgerðisbær | 0,1% |

# Dregur orð forstjóra Festar um „óverulegan“ sameiningarkostnað í efa

Nýjasta verðmat Capacent á Festi hljóðar upp á rúmlega 43 milljarða króna en eldra verðmat hljóðaði upp á tæpa 42,7 milljarða kjróna. Verðmatið hækkar því um tæpt prósent og er verðmatsgengi nú 131 króna á hlut, um 7 prósentum hærra en gengi á markaði.

Rekstrarhagnaður Festar fyrir afskriftir (EBITDA) nam 4.628 milljónum króna í fyrra en áætlanir Festar gerðu hins vegar ráð fyrir að EBITDA yrði um 5.100 til 5.300 m.kr. án sameiningarkostnaðar.

„Annaðhvort var sameiningarkostnaður svona hár eða afkoman var verulega undir væntingum stjórnenda! Það seinna virðist líklegra,“ skrifar greinandi Capacent í verðmatinu sem var birt á fimmtudaginn í síðustu viku.

Greinandi Capacent dregur í efa orð forstjóra fyrirtækisins um að sameiningarkostnaður verði „óverulegur“. Krefjandi verkefni séu fram undan fyrir stjórnendur Festar í stjórnunar- og stefnumótunarvinnu við samþættingu rekstrar og verkferla og að ná fram væntum samlegðaráhrifum.

Samkvæmt mati Capacent jók sameining Festar og N1 virði hlutafjár sameinaðs félags um 15 prósent. Gengi á markaði hækkaði þó ekki í kjölfar sameiningar og hefur verið óbreytt frá upphafi árs 2017. – **tfh**

**Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar.**



**43**

**milljarðar króna er verðmat Capacent á Festi.**

UNICONTA



# Færum bókhald til framtíðar!

Aukin sjálfvirknivæðing bókhalds er staðreynd og dregur stórkostlega úr vinnu og kostnaði við rekstur. Margir telja að innan fárra ára muni bókhaldið alfarið færa sig sjálft.

**Hvernig búum við okkur undir nýja framtíð?**

Aðalfyrirlesari er Erik Damgaard en viðskiptalausnir hans hafa mótað rekstur fyrirtækja um allan heim á síðustu 30 árum. Erindi Eriks ber titilinn *Optimize Your Business* og gefur þér góða mynd af því hvaða skref þú getur tekið núna til að búa undir stafræna framtíð. Erik er stofnandi og forstjóri Uniconta, sem fer nú sigurför um heiminn. Hann hefur áður komið til Íslands og haft hefur verið eftir honum í erlendum fjölmiðlum Ísland sé einn af lykilmörkuðum Uniconta.

## Miðvikudaginn 22. maí, 2019

**08:30** Skráning og morgunverður

**08:45** Setning ráðstefnu

**09:00** Erik Damgaard, Uniconta – Optimize Your Business

**10:30** Kaffihlé – opið sýningarsvæði

**11:00** Linda Rut Benediktsdóttir & Jónas Magnússon, RSK – Nordic Smart Government

**11:30** Ari Eldjárn – slær á létta strengi

**11:50** Kristján Mikalesson, Rafmyntaráð – Af hverju eru allir að tala um bálkakeðjur?

**12:20** Pallborðsumræður

**12:45** Opið sýningarsvæði og léttar veitingar

Fundarstjóri er Ingvaldur Thor Einarsson, frkv.stj. Uniconta á Íslandi.

**Staðsetning**

Icelandair Hotel Reykjavík Natura
Nauthólsvegi 52
101 Reykjavík

**www.framtidarbokhald.is**



**Erik Damgaard**
***stofnandi og forstjóri Uniconta***

Erik Damgaard er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna en ferill hans spannar hátt í 40 ár og er Uniconta sjötta lausnin úr hans smiðju. Hann markaði vatnaskil í viðskiptalausnum með útgáfu Concorde XAL og síðar Axapta. Fyrirtæki Eriks var selt til Microsoft fyrir $2 milljarða árið 2001 og Dynamics AX hefur frá þeim tíma verið flaggskip Microsoft í viðskiptalausnum.



**Linda Rut Benediktsdóttir**
***frá RSK***

Linda Rut stýrir vinnu íslenska landsteymisins í Nordic Smart Government sem er samstarfsverkefni fyrirtækjaskráa, skattyfirvalda, hagstofa og fleiri aðila á öllum Norðurlöndunum. Verkefnið snýst um að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma og stuðla þannig að einfaldara rekstrarumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum.



**Jónas Magnússon**
***frá RSK***

Íslenska landsteymið er skipað fulltrúum frá ríkisskattstjóra, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Hagstofu Íslands. Landsteymin hafa fundað með fulltrúum fyrirtækja og öðlast innsýn í viðhorf og rekstrarumhverfi þeirra ekki síst þegar kemur að bókhaldsvinnunni, en færsla bókhalds er sá grunnur sem byggja þarf á til að markmiðum Nordic Smart Government verði náð.



**Kristján Ingi Mikaelsson**
***frkv. stj., Rafmyntaráðs***

Kristján Ingi er framkvæmdastjóri Rafmyntaráðs en hann hefur í gegnum tíðina hrint af stað fjölda verkefna sem snúa m.a. að opnun gagna, eflingu lýðræðisins og auknu upplýsingaflæði í aðdraganda kosninga. Hann hefur einnig verið virkur í uppbyggingu forritunarsamfélagins og var einn af forsvarsmönnum ráðstefnunnar JSConf Iceland og tæknistyrktarsjóðnum Community Fund. Kristján hefur tekið virkan þátt í frumkvöðlastarfi hérlendis og bjó hann um tíma í Kísildalnum.

# Áliðnaðurinn þarf umhverfi til að vaxa

**Stjórnvöld þurfa að vera á tánum til að halda samkeppnishæfni í áliðnaði að sögn forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Framleiðslan færist í auknum mæli til Kína þar sem hún er niðurgreidd og óumhverfisvæn. Verð á losunarheimildum margfaldast síðustu tvö ár.**

Það er ekki sjálfsagt að álver á Íslandi haldi samkeppnishæfni, ekki frekar en aðrar atvinnugreinar. Það segir sína sögu að álframleiðsla í Evrópu hefur dregist saman um þriðjung frá árinu 2007 og má nefna að öll álframleiðsla hefur lagst af á Ítalíu sem áður framleiddi 3 milljónir tonna eða rúmlega þrisvar sinnum meira en Ísland,“ segir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, í samtali við Markaðinn.

Hann ræðir stöðu og horfur í íslenskum áliðnaði á ársfundi Samáls, sem haldinn verður í Hörpu í fyrramálið undir yfirskriftinni Álið er hluti af lausninni. Þar verða meðal annars loftslagsmál í brennidepli og verðmætasköpun álframleiðslu í hálfa öld á Íslandi.

„Heildarmyndin er sú að áliðnaður er að vaxa á svæðum þar sem orkan er ódýrari en er því miður ekki framleidd með umhverfisvænum hætti. Ef Ísland ætlar að standast samanburð þurfum við að huga að samkeppnishæfni iðnaðarins.“

Á síðasta ári framleiddu Kínverjar um 56 prósent af því áli sem framleitt var í heiminum og er framleiðslan að mestu drifin af kolum. Kínverjar hafa aldrei áður flutt jafn mikið út af áli og árið 2018, eða um 5,7 milljónir tonna, og hefur það meðal annars haft áhrif á þróun álverðs að sögn Magnúsar.

Í skýrslu OECD sem gefin var út í janúar kemur fram að álframleiðsla njóti umtalsverðra ríkisstyrkja eða ívilnana í mörgum samkeppnislöndum eins og Kína, Mið-Austurlöndum, Kanada og Noregi.

Þá nefnir Magnús að verð á losunarheimildum í ETS-kerfi Evrópusambandsins hafi margfaldast á tæpum tveimur árum og hækkað úr um það bil 6,50 evrum á hvert tonn árið 2017 og í um 25 evrur í dag. Það sé áskorun fyrir álver á Íslandi að mæta þessum álögum, en álframleiðsla utan EES-svæðisins þurfi ekki að standa undir sambærilegum kostnaði, þrátt fyrir að orkumynstrið sé mun óhagstæðara og losunin því mun meiri. Engin leið sé til að velta kostnaðinum út í verðið þar sem álverð ráðist á heimsmarkaði.

„Í samkeppnislöndum eins og Noregi er þessi kostnaður niðurgreiddur. Áliðnaður á Íslandi verður að hafa einhvers konar samkeppnisforskot vegna þess að kostnaður skiptir gríðarlega miklu máli í þessum geira.“

Spurður hvernig auka megi samkeppnishæfni íslensks áliðnaðar segir Magnús að álfyrirtækin þurfi að huga að nýsköpun í framleiðsluaðferðum en stjórnvöld að viðskiptaumhverfinu.

„Orkuverð og flutningur á raforku þarf að vera á samkeppnishæfu verði þannig að það sé aðlaðandi kostur að fjárfesta á Íslandi. Þróunin er í þá átt að allar rekstrareiningar verða stærri og hagkvæmari. Álverin sem verið er að byggja í Kína og Miðausturlöndum eru umtalsvert stærri en álverin á Íslandi,“ segir Magnús og nefnir að þegar ÍSAL var stofnað fyrir 50 árum hafi framleiðslugeta þess fyrirtækis verið 33 þúsund tonn af áli á ári. Í dag væri þannig eining ekki samkeppnishæf.

„Til þess að standast samkeppni þurfum við að vaxa en þá þarf viðskiptaumhverfið að styðja við þá þróun, þannig að það sé góður kostur að fjárfesta á Íslandi. Að öðrum kosti leitar sú fjárfesting annað. Orkuverð og orkuflutningar verða að vera samanburðarhæfir við það besta sem þekkist.“

**thorsteinn@frettabladid.is**



**Álverin sem verið er að byggja í Kína og Miðausturlöndum eru umtalsvert stærri en álverin á Íslandi, að sögn forstjóra Alcoa Fjarðaáls.**

## Öfugsnúin þróun

Meirihluti losunargróðurhúsalofttegunda af álframleiðslu á heimsvísu er vegna raforkuframleiðslu, eða um 80 prósent. Árið 2000 var um helmingur áls í heiminum framleiddur með vatnsafli og kjarnorku en í dag eru yfir 70 prósent af álframleiðslu knúin með kolum eða gasi. „Það er breyting til hins verra og meðal annars afleiðing kolefnisleka sem ég hef áður minnst á, þar sem álframleiðsla hefur verið að flytjast frá Evrópu til ríkja á borð við Kína, þar sem um 90 prósent af álframleiðslunni eru koladrifin og losunin því allt að tífalt meiri,“ segir Magnús.

„Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr gróðurhúsalosun í álframleiðslu er að nota endurnýjanlega orku í stað jarðefnaeldsneytis. Ef ál væri ekki framleitt á Íslandi myndi framleiðsla þess flytjast annað. Slíkt myndi auka gróðurhúsalosun heimsins um 7 til 10 milljónir tonna á ári en til samanburðar er losun Íslands í heild metin innan við 5 milljón tonn.“

**Á síðasta ári framleiddu Kínverjar um 56 prósent af því áli sem framleitt var í heiminum og er framleiðslan að mestu drifin af kolum.**

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls



# Fasteignaverð hér á landi hækkað mest á meðal OECD-ríkja frá 2010

Hvergi á meðal ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) hefur fasteignaverð hækkað meira að raunvirði en á Íslandi frá því að það náði lágmarki hér á landi eftir fjármálahrunið. Þetta sýna nýjar hagtölur OECD sem ná fram til fjórða ársfjórðungs síðasta árs.

Tölurnar sýna að frá fyrsta ársfjórðungi 2010 þegar verð fasteigna á Íslandi náði lágmarki hafði verðið hækkað um 67 prósent, mest allra OECD-ríkja. Næst á eftir Íslandi kemur Eistland en fasteignamarkaðurinn þar í landi hækkaði um 51,3 prósent á tímabilinu, síðan Ísrael og Kanada.

Vísitala OECD mælir raunverð. Samkvæmt gögnum stofnunarinnar lækkaði verð íbúðarhúsnæðis á Íslandi um tæplega 36 prósent að raungildi frá því að það fór hæst á fjórða ársfjórðungi 2007 þar til á fyrsta fjórðungi 2010.

„Við sæjum kannski önnur lönd í efsta sæti ef við miðuðum við annan tímapunkt en þetta sýnir engu að síður hversu miklar hækkanir hafa verið á fasteignaverði frá því að markaðurinn var í sem mestri lægð,“ segir Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, í samtali við Markaðinn.

Magnús Árni segir að ástæðan að baki verðhækkuninni sé margþætt. „Það var lítið byggt fyrstu árin eftir hrun og í raun sjáum við ekki töluvert magn koma inn á markaðinn fyrr en árin 2017 og 2018. Það var skortur á fjármagni, bankarnir voru í fyrstu hikandi við að lána verktakafyrirtækjum fyrir uppbyggingu í ljósi reynslunnar og svo voru skipulagsyfirvöld ekki vakandi fyrir þeirri eftirspurnaraukningu sem varð þegar stórir árgangar komu inn á markaðinn,“ segir Magnús. Auk þess hafi erlent vinnuafl aukist verulega í takt við uppgang ferðaþjónustunnar.

Aðspurður um þróun fasteignaverðs næstu missera segir Magnús að það geti oltið á vaxtaákvörðunum Seðlabankans.

„Það er ólíklegt að við sjáum miklar verðhækkanir á næstunni en það er ekki víst að verð lækki, sérstaklega í ljósi yfirlýsingar seðlabankastjóra um að vextir geti mögulega lækkað. Ef vextir lækka er líklegt að fasteignaverð haldist að minnsta kosti óbreytt. Ef þeir lækka ekki er möguleiki á verðlækkun,“ segir Magnús. Þá verði að hafa í huga að það taki tíma fyrir fasteignaverð að lækka þar sem fólk sé tregt til að lækka verð á íbúðum sínum í söluferlinu.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í lok apríl að áföll og minni spenna í þjóðarbúskapnum sköpuðu að öðru óbreyttu tilefni til að raunvextir Seðlabankans yrðu lægri. Næsta vaxtaákvörðun verður tilkynnt 22. maí. – **tfh**



**Magnús Þór Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics.**

**Raunhækkun íbúðaverðs frá lægsta gildi vísitölu á Íslandi**

2010:1 til 2018:4



# Tekjur 66°Norður jukust um 600 milljónir króna

Sjóklæðagerðin 66°Norður skilaði um 100 milljóna króna rekstrarhagnaði (EBITDA) á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um liðlega 60 milljónir frá fyrra ári. Tekjur fyrirtækisins, sem rekur tíu verslanir hér á landi og tvær í Kaupmannahöfn, jukust hins vegar um rúmlega 600 milljónir á árinu og námu samtals 4,47 milljörðum króna.

Heildartap 66°Norður á árinu 2018 var um 488 milljónir króna og skýrist einkum af gengistapi vegna láns frá lúxemborgíska félaginu 66 North Holding Lux, sem á núna 99,99 prósent alls hlutafjár í 66°Norður, sem var breytt í hlutafé í desember síðastliðnum að fjárhæð um 3,2 milljarðar króna.

Hlutafjáraukningin kom til í kjölfar kaupa bandarísks fjárfestingarsjóðs á tæplega helmingshlut í félaginu, eins og greint var frá í Markaðinum í júlí í fyrra, í því skyni að tryggja fjármögnun á áframhaldandi uppbyggingu 66°Norður erlendis. Hjónin Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri fyrirtækisins, og Bjarney Harðardóttir stjórnarformaður fara með meirihluta í félaginu en þau komu fyrst inn í hluthafahópinn árið 2011.

Allar skuldir fyrirtækisins við innlendar lánastofnanir, samtals um 2,24 milljarðar króna, voru greiddar upp í fyrra og í árslok 2018 voru einu langtímaskuldir fyrirtækisins lán í evrum að jafnvirði um 157 milljónir króna. Heildareignir 66°Norður nema um 3,94 milljörðum króna og er eiginfjárhlutfall félagsins rúmlega 73 prósent borið saman við aðeins fjögur prósent árið áður. – **hae**



**Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður.**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Lítið útstreymi aflandskróna

Aflandskrónustabbinn hefur lækkað um 12 milljarða króna frá því að gildi tóku ný lög í byrjun marsmánaðar sem fela í sér losun fjármagnshafta á aflandskrónueigendur. Staða aflandskróna stendur núna í um 72 milljörðum, eða sem nemur 2,6 prósentum af landsframleiðslu.

Frá þessu er greint í nýrri greinargerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins um framgang áætlunar um losun hafta en þar segir: „[L]osun takmarkana á aflandskrónueignir hefur ekki leitt til verulegs útstreymis gjaldeyris frá landinu.“ Þá hafi hluti lækkunarinnar þegar streymt aftur til landsins.

Þannig nam hreint innflæði fjármagns ríkisskuldabréfa í marsmánuði samtals tíu milljörðum króna í kjölfar lækkunar bindiskyldunnar niður í núll prósent í byrjun þess sama mánaðar. Til samanburðar var hreint innflæði fjármagns í ríkisskuldabréf aðeins einn milljarður á öllu árinu 2018. – **hae**

## Sala Domino's á Íslandi minnkaði um nærri 5 prósent

Sala Domino's á Íslandi minnkaði um 4,6 prósent á samanburðargrundvelli (e. like-for-like) á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta kemur fram í uppgjöri breska móðurfélagsins, Domino's Pizza Group, sem félagið birti í Kauphöllinni í Lundúnum í gær en þar segir að samdrátturinn skýrist af almennt verri markaðsaðstæðum.

Söluvöxturinn hafi hins vegar aukist um þrjú prósent borið saman við fjórða ársfjórðung 2018 en þar hafi hjálpað til að stöðum Domino's á Íslandi hafi verið fjölgað um tvo á þeim fjórðungi.

Samtals rekur Domino's 25 staði hér á landi og nam veltan á árinu 2018 samtals nærri sex milljörðum króna. Þá var hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) um 750 milljónir. Státar Domino's á Íslandi af því að vera með hæstu meðaltalssölu á hvern pitsustað sé litið til allra markaða móðurfélagsins.

Domino's Pizza Group bætti sem kunnugt er við hlut sinn í Pizza-Pizza í lok árs 2017 og á nú ríflega 95 prósenta hlut í félaginu. – **hae**


RÁÐSTEFNA UM SJÁLFBÆRNI FYRIRTÆKJA

Hvað getum við gert?

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK
FÖSTUDAGINN 17. MAÍ | KL. 9-12
3.500 KR. | SKRÁNING Á KPMG.IS

KPMG stendur fyrir ráðstefnunni en **Kristín Linda Árnadóttir** forstjóri Umhverfisstofnunar opnar.

Meðal fyrirlesara verður **Tomas Otterström** sem fer fyrir sjálfbærniráðgjöf KPMG á Norðurlöndunum og er leiðandi á sviði sjálfbærra fjármála hjá KPMG Global. Tomas býr yfir 20 ára reynslu úr ráðgjöf og eignastýringu og hefur aðstoðað fyrirtæki, fagfjárfesta og sjóði við að skilja og samtvinna þætti umhverfis, samfélags og stjórnarhátta við starfsemi sína.

Ráðstefnustjóri er **Hrund Gunnsteinsdóttir** framkvæmdastjóri Festu.

**Tomas Otterström**, KPMG
Trends in sustainable finance

**Margrét Sveinsdóttir**, Arion Banka
Ábyrgar fjárfestingar

**Hrefna Hallgrímsdóttir**, Elkem
Kolefnishlutlaus framtíð

**Sigurður Friðleifsson**, Orkusetur
Tækifæri fyrirtækja í orkuskiptum

**Óskar Þórðarson**, Omnom
Sjálfbærni og virðiskeðja Omnom



KPMG



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segja tíma til að sækja fram á nýjan leik, nú þegar búið sé að eyða óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Varnarleikur mun ekki skila árangri

EES-samningurinn á að vera í forgrunni allrar ákvörðunartöku í íslensku atvinnulífi að sögn framkvæmdastjóra SA og SI. Mikilvægt sé að leiða þriðja orkupakkann í lög og einblína á stórar áskoranir fram undan. Furða sig á kúvendingu Alþýðusambands Íslands.

**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**
tfh@frettabladid.is



Framkvæmdastjórar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins telja mikilvægt að leiða þriðja orkupakkann í lög og telja að önnur málefni ættu að vera í forgrunni almennrar umræðu enda séu það raunverulegar áskoranir sem þjóðin standi frammi fyrir. Fram undan geti verið góðir tímar í efnahagslífi þjóðarinnar þar sem óvissu tengdri afnámi gjaldeyrishafta, uppgjöri slitabúa föllnu bankanna og vegna kjarasamninga hafi verið aflétt.

Þeir sjá mýmörg sóknarfæri og telja það mikilvægustu áskorun næstu tuttugu ára að bæta samkeppnishæfni landsins til að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar, sem séu forsenda bættra lífskjara.

Óhætt er að segja að þriðji orkupakkinn hafi verið fyrirferðarmikill í umræðunni í vetur og sjálfur EES-samningurinn hefur dregist með inn í umræðuna. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samningurinn hafi skilað ótvíræðum árangri fyrir íslenskt samfélag og hann eigi því að vera í forgrunni allrar ákvörðunartöku í íslensku atvinnulífi.

„EES-samningurinn og markaðsaðgangurinn sem hann veitir íslenskum fyrirtækjum skilar margþættum árangri á hverju einasta ári, í hverri einustu viku og hvern einasta dag. Hann er forsenda útflutningsviðskipta þjóðarinnar í stóra samhenginu.

Ég vil ganga svo langt að segja að útflutningshagsmunir, sama hvort það er í sjávarútvegi, iðnaði, ferðaþjónustu eða öðrum nýsköpunargreinum, séu grundvallaðir á EES-samningnum og hann verður að vera í forgrunni allrar ákvörðunartöku íslensks atvinnulífs," segir Halldór.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, vísar til þess að frá innleiðingu EES-samningsins árið 1994, eða fyrir um 25 árum, hafi útflutningur Íslands vaxið um 270 prósent. Vöxturinn hafi hins vegar numið 131 prósenti aldarfjórðunginn fram að 1994. Þá bendir hann á að til þess eins að standa undir óskuldsettum og ásættanlegum hagvexti, 4 prósentum til langs tíma, þurfi að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar um 1.000 milljarða á næstu 20 árum. Það samsvarar 50 milljörðum á ári í 20 ár.

Sigurður segir að stóra myndin sé sú að þriðji orkupakkinn feli ekki í sér nein nýmæli fyrir Ísland.

„Það er eingöngu verið að skerpa á þeim reglum sem nú þegar gilda og lúta að fjórum þáttum: eftirliti, neytendavernd, orkuöryggi og virkari samkeppni. Við fögnum markmiðum um virkari samkeppni á markaðinum. Þessi löggjöf styrkir stöðu kaupenda, bæði atvinnulífs og almennings, gagnvart orkuvinnslu og dreifingu sem er á höndum örfárra fyrirtækja sem eru að miklu leyti í opinberri eigu. Henni er ætlað að veita orkufyrirtækjunum aðhald," segir Sigurður.

Þar vísar Sigurður til þess að innleiðingu þriðja orkupakkans fylgi auknar valdheimildir Orkustofnunar við framkvæmd raforkueftirlits. Stofnunin fær heimildir til að áminna orkufyrirtækin og leggja á þau stjórnvaldssektir.

„Við fögnum því að Orkustofnun fái ríkari heimildir til eftirlits með sérleyfisstarfseminni sem veitir fyrirtækjum sem eru að miklu leyti í opinberri eigu aukið aðhald á markaðinum," segir Sigurður.

Halldór bætir við að nauðsynlegt sé að hinu opinbera sé veitt aðhald að utan þegar kemur að rekstri orkufyrirtækja.

„Orkustofnun fer sannarlega með eftirlit með orkumarkaðinum og þar af leiðandi fylgist hún með því að reglur sem felast í löggjöfinni séu uppfylltar hverju sinni. Það þýðir að hinu opinbera, sem á orkuframleiðsluna og flutningskerfin að mestu leyti, er veitt nauðsynlegt aðhald að utan. Fyrirsjáanleiki og alþjóðlegt stofnanaumhverfi auka tiltrú og traust á íslensku viðskiptalífi og geta skapað tækifæri til áframhaldandi lífskjarasóknar," segir Halldór. Hann bætir við að hið sama gildi um annað evrópskt regluverk sem Ísland hefur tekið upp.

„Þetta gildir hvort sem um ræðir löggjöf um fjármálaeftirlit, matvælaeftirlit eða önnur mál. Íslensk fyrirtæki sem framleiða vörur fyrir alþjóðamarkað, ekki bara fyrir Evrópumarkað, geta þannig tryggt að vörur þeirra séu gjaldgengar um allan heim þar sem þær uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til framleiðenda í öðrum ríkjum. Um 65 prósent af öllum utanríkisviðskiptum okkar eru inn á EES- og EFTA-svæðið. Þetta er ekki bara mikilvægur markaður, þetta er langmikilvægasti markaðurinn og þannig að það komi skýrt og skorinort fram: íslenskt atvinnulíf tekur skýra afstöðu með frjálsum viðskiptum í opnu hagkerfi," segir Halldór.

Hann ítrekar að þriðji orkupakkinn snúist í grunninn um aukna samkeppni og þann ávinning sem hún skilar neytendum.

„Samkeppni í framleiðslu og sölu á rafmagni skapar frekar grundvöll fyrir verðlækkanir en verðhækkanir. Þar sem ríkir einokun höfum við séð umtalsverðar hækkanir en þar sem ríkir samkeppni er verðlagningin mun kvikari. Við sjáum líka að arðsemi fyrirtækja við einokun er hærri en þeirra fyrirtækja sem starfa í samkeppni á raforkumarkaði," segir Halldór.

**Meira tilefni til að ræða fjórða orkupakkann**

*Sjáið þið einhverja galla eða einhvern fórnarkostnað fylgja innleiðingu þriðja orkupakkans?*

„Innleiðing þriðja orkupakkans felur ekki í sér nein nýmæli hér á landi. Það er einungis verið að skerpa á þeim reglum sem þegar gilda. Þar af leiðandi sjáum við

## Boltinn hjá hinu opinbera

Kjarasamningar hafa verið gerðir fyrir næstum níu af hverjum tíu starfsmanna á almennum vinnumarkaði til fjögurra ára. Ef horft er til alls vinnumarkaðarins, að opinberum starfsmönnum meðtöldum, hafa kjarasamningar verið gerðir fyrir um tvo þriðju starfsmanna á landinu.

„Lífskjarasamningarnir og tengdir samningar ná til um 90 prósenta af almenna vinnumarkaðnum. Búið er að semja við ⅔ hluta vinnumarkaðar og búið er að marka afgerandi launastefnu sem hefur verið borin undir atkvæði launþega og atvinnurekenda – og hún hefur verið samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Nú er boltinn hjá hinu opinbera að framfylgja launastefnu almenna markaðarins, enda gengur það ekki að opinberir starfsmenn séu leiðandi í launaþróun. Það hefur tekist að eyða óvissu á vinnumarkaði sem lagði lamandi hönd á samfélagið undanfarna mánuði. Nú er tíminn til að sækja fram á nýjan leik," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

**Það má að einhverju leyti segja að ef Ísland væri heimili væri eignastaðan góð en innkoman þyrfti að vera meiri.**

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 8. MAÍ 2019



Arkitekt hússins er Albína Thordarson og stendur húsið við rólega götu, í sannkallaðri sveit í borg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Húsið nánast hannað fyrir kvöldsólina

Í barnvænu hverfi í Mosfellsbæ er sérstætt hús til sölu. „Húsið er með klassísku sniði fyrir utan þennan stóra kvist, götumegin. Skáhallar viðarþiljur varpa kvöldsólinni um allt hús,“ segir eigandi Krókabyggðar 1a. →2

Hair Volume

- fyrir líflegra hár!




BRÚÐKAUPSÞEMA

Í Fréttablaðinu föstudaginn 17. maí.
Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Fyrir utan sólskála er fallegur gróður; heitur pottur og tjörn.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Húsið hefur einstakan karakter og það er með sorg í hjarta sem þau hjónin eru að selja. „Við elskum hvern fermetra í þessu húsi og þessum garði. Við fluttum hingað 1992 og þarna höfum við alið upp tvo drengi, yndislegan hund og ótal fugla. Ungu mennirnir eru uppkomnir og þetta er orðið of stórt hús fyrir okkur tvö,“ segir Jóhanna M. Thorlacius.

Húsið er 225,9 fermetrar að stærð, þar með talin 45 fermetra vinnustofa sem hefur verið breytt í stúdíóíbúð, ásamt 12 fermetra óskráðu verkstæði í bakgarði. Arkitekt hússins er Albína Thordarson og stendur húsið við rólega götu, í sannkallaðri sveit í borg. Það er sex herbergja, með þrjú svefnherbergi og þrjár stofur auk stúdíóíbúðarinnar.

„Við höfum alltaf sinnt öllu viðhaldi jafnóðum og húsið er í mjög góðu standi. Garðurinn er stór og mikill og nú erum við að nálgast sextugt. Þetta eru viss tímamót og næstu árin verða öðruvísi. Nú ætlum við að draga saman seglin og huga í meira mæli að andlegum málum; njóta lista og menningar, ástunda íhugun, útiveru og fleira,“ segir Jóhanna Margrét.

Garðurinn vekur athygli með hellulagðri verönd á baklóð til suðurs með útgengi frá stórum sólskála. Þar er fallegur gróður; heitur pottur og tjörn í bakgarði og mikil veðursæld er á lóðinni sem er 1.054,2 fermetrar að stærð. Innkeyrslur eru beggja vegna hússins, alls 3-4 bílastæði. Falleg og vönduð hraunhleðsla er á lóðarmörkum. Snjóbræðslukerfi er undir hellulagðri innkeyrslu við aðalinngang en náttúruleg steinlögn hinum megin. Virkilega fallegur gróður er á lóðinni sem hefur verið vel hirt í gegnum árin.

> **Þetta eru viss tímamót og næstu árin verða öðruvísi. Nú ætlum við að draga saman seglin og huga í meira mæli að andlegum málum; njóta lista og menningar, ástunda íhugun, útiveru og fleira.**

Staðsetningin er frábær með fallegum gönguleiðin að Varmá, Reykjalundi, Helgafelli, Hafravatni og öðrum náttúruperlum. Barnvæn staðsetning þar sem stutt er í leikskólann Reykjakot og Krikaskóla.

Opið hús verður sunnudaginn 12. maí klukkan 14.00-14.30.



**Garðurinn vekur athygli með hellulagðri verönd á baklóð til suðurs.**



**Páfagaukabúrið vekur mikla athygli enda ansi stórt. „Það er unaðslegt að hlusta á þá frá morgni til kvölds.“**



Mikil veðursæld er á lóðinni sem er 1.054,2 fermetrar að flatarmáli.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



20-70% afsláttur
af ÖLLUM vörum!
Dagana 8-13.maí
Stærðir 36-56
SUMARSPRENGJA!
Afsláttur af ÖLLUM vörum dagana 8-13.maí
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 6.990 NÚ 5.592 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 6.392 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 9.990 NÚ 7.992 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 9.990 NÚ 7.992 st.42-56
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 3.992 st.S-XXXL
SKÓR ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. 36-42
Léttir og góðir
fyrir sumarið!
Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS
Tískuhús Zik Zak
www.zikzakverslun.is
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

„ekki að þriðji orkupakkinn muni hafa neikvæð áhrif í för með sér," segir Sigurður en bætir við að halda þurfi vel á spöðunum þegar kemur að fjórða orkupakkanum.

„Fjórði orkupakkinn, svonefndur vetrarpakki, felur í sér nýmæli ólíkt þriðja orkupakkanum. Hann hefur breiðari skírskotun til umhverfis- og orkunýtnimála og kemur meðal annars inn á orkunýtni bygginga. Þegar talað er um að byggingar losi gróðurhúsalofttegundir er verið að vísa til losunar vegna þeirrar raforku sem knýr starfsemina áfram, sem dæmi má nefna hitun og kælingu bygginga. Þetta er vandamál í öðrum löndum því orkan þar er ekki endurnýjanleg í sama mæli og hér og framleiðsla hennar losar því gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið.

Hér aftur á móti nýtum við endurnýjanlega raforku til að knýja raftæki. Við notum heitt vatn til að hita húsin. Okkar sérstaða umfram suðlægari lönd felst líka í því að við þurfum ekki að kæla húsin. Þegar kemur að fjórða orkupakkanum þarf því sannarlega að halda sérstöðu Íslands til haga," segir Sigurður. Hann segir góðar fréttir að utanríkisráðherra hafi lagt stóraukna áherslu á hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu á síðustu misserum.

„Við væntum þess að hagsmuna Íslands verði gætt og sérstöðu landsins verði haldið til haga þegar kemur að fjórða orkupakkanum," segir Sigurður.

*Hvernig hefur umræðan um þetta mál litið út frá ykkar sjónarhóli?*

Sigurður segir að umræðan hafi verið góð að því leyti að hún undirstriki að landsmönnum sé ekki sama um auðlindirnar. Hins vegar sé rétt að hafa í huga að nú standi stjórnvöld að mótun orkustefnu.

„Sú vinna hófst í fyrra og gera má ráð fyrir að orkustefnan muni líta dagsins ljós í lok þessa árs eða byrjun hins næsta. Það hlýtur að vera hinn eðlilegi vettvangur til að leiða til lykta þau fjölmörgu mál sem hafa verið í umræðunni og lúta meðal annars að nýtingu tiltekinna auðlinda, að útflutningi raforku um sæstreng og fleiri málum," segir Sigurður.

Andstæðingar þriðja orkupakkans nefna gjarnan sæstreng og þriðja orkupakkann í sömu setningu. Halldór og Sigurður taka fyrir það að málin séu skyld.

„Þetta eru tvö lagafrumvörp. Ef þingsályktunartillagan verður samþykkt verða tvö lagafrumvörp tekin upp í beinu framhaldi. Fyrra lagafrumvarpið varðar það að ákvörðun um lagningu sæstrengs verði tekin af Alþingi. Það er gríðarlega mikilvægt og ég hygg að allir Íslendingar geti sameinast um að ákvörðun af þessum toga og stærðargráðu á að vera tekin af Alþingi," segir Halldór.

Sigurður bætir við að stjórnvöld, án atbeina Alþingis, geti veitt heimild fyrir lagningu sæstrengs eins og lagaramminn er í dag. Því sé innleiðing orkupakkans, og fyrirvarinn um samþykki Alþingis, skref í rétta átt.



**Framkvæmdastjórar SA og SI segja önnur mál en þriðja orkupakkann eiga að vera í forgrunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Helmingur landsmanna mótfallinn

Tæpur helmingur þeirra sem taka afstöðu er andvígur því að þriðji orkupakkinn verði samþykktur á Alþingi samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is.

48,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu eru andvíg samþykkt þriðja orkupakkans, 29,6 prósent eru hlynnt og 21,7 prósent hlutlaus. Þetta eru svipaðar niðurstöður og úr könnun Zenter í desember á síðasta ári.

Einnig var spurt að því hversu vel eða illa fólk hefði kynnt sér þriðja orkupakkann. Tæpur þriðjungur, eða 32,1 prósent, sagðist ekki hafa kynnt sér hann, og 26,5 prósent sögðust hafa kynnt sér hann illa. 22,2 prósent töldu sig hafa kynnt sér orkupakkann vel og 19,2 prósent hvorki vel né illa.

Stuðningur við samþykkt þriðja orkupakkans eykst eftir því sem fólk hefur kynnt sér málið betur. Þannig segjast 46 prósent þeirra sem hafa kynnt sér málið vel hlynnt samþykkt, 26 prósent þeirra sem hvorki hafa kynnt sér málið vel né illa, 19 prósent þeirra sem hafa kynnt sér það illa og 12 prósent þeirra sem ekki hafa kynnt sér málið.

**Kúvending hjá ASÍ**

Alþýðusamband Íslands hefur lagst gegn samþykkt þriðja orkupakkans. Í umsögn sambandsins um frumvarpið, sem undirrituð er af Drífu Snædal, forseta ASÍ, kemur fram að raforka eigi ekki að vera háð markaðsforsendum eins og gert sé ráð fyrir í orkupökkum Evrópusambandsins.

*Kom ykkur á óvart að Alþýðusamband Íslands skyldi taka afstöðu gegn samþykkt þriðja orkupakkans?*

„Auðvitað kemur það okkur á óvart og aftur, sérstaklega ef við skoðum málin út frá sjónarhóli neytenda. Þriðji orkupakkinn, og gerðirnar sem í honum felast, er settur fram til þess að auka samkeppni og styrkja hag neytenda. Orkulöggjöfin styrkir stöðu orkukaupenda, atvinnulífs og almennings, gagnvart orkuvinnslu og dreifingu sem er á höndum örfárra fyrirtækja. Þess vegna kom kúvending í afstöðu Alþýðusambands Íslands frá þeirri stefnu sem sambandið hefur markað undanfarna tæpa tvo áratugi mér á óvart.

Það er furðulegt að þriðji orkupakkinn sé tilefni til umskipta hjá ASÍ þegar hann snýst fyrst og fremst um að styrkja eftirlit með því að samkeppnisreglur í orkumarkaði séu í heiðri hafðar. Hér er búið að snúa hlutunum á haus og það eru margir hugsi yfir þessari afstöðu ASÍ," segir Halldór.

„Ég óttast að rótina megi rekja til andstöðu við það hversu öflugt tæki opið markaðshagkerfi hefur verið við að færa Ísland í átt til frjálsræðis og aukins efnahagslegs styrkleika. Að þetta sé barátta sem snúist um hugmyndafræði, annars vegar hugmyndafræði sósíalisma og hins vegar um hugmyndafræði hins opna frjálsa samfélags þar sem hver er sinnar gæfu smiður," bætir hann við.

**Varnarleikur skilar ekki árangri**

„Það má segja að nýtt skeið sé runnið upp og lífskjarasamningarnir eiga sannarlega þátt í því. Það hefur algjör viðsnúningur orðið á efnahagsstöðu landsins frá því að við neyddumst til að setja fjármagnshöft fyrir tíu árum til þess að koma í veg fyrir enn dýpri lægð yfir í það núna að eiga meiri eignir erlendis heldur en skuldir, og öflugan gjaldeyrisforða. Hagkerfið var opnað á ný með losun fjármagnshafta.

Þetta er gjörbreyting á efnahagslegri stöðu landsins og hún tókst með skýrri stefnu og markvissri eftirfylgni. Hagkerfið er núna að kólna eftir mikið og langt hagvaxtarskeið og það má að einhverju leyti segja að ef Ísland væri heimili væri eignastaðan góð en innkoman þyrfti að vera meiri. Með öðrum orðum þarf að auka verðmætasköpun til að standa undir frekari aukningu lífskjara," segir Sigurður en að hans mati er aðild að EES ein forsenda þess að efla samkeppnis-

> **Það er hluti af sterkri sjálfsmynd þjóðar að vera í samstarfi en keppa á sama tíma.**
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

hæfni landsins enda skapar samningurinn samræmi í starfsumhverfi fyrirtækja á öllu EES-svæðinu.

„Samkeppnishæfni er nokkurs konar heimsmeistaramót þjóða í lífsgæðum. Fjórar stoðir samkeppnishæfni eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Nú þegar efnahagur landsins hefur verið réttur við með markvissum aðgerðum þá þarf að ráðast í stórátak í umbótum á þessum fjórum sviðum til að efla samkeppnishæfni Íslands. Við þurfum að efla hana til að auka útflutningsverðmæti og auka þannig verðmætin í samfélaginu. Þannig verður meira til skiptanna því öll skip lyftast á flóði. EES-samningurinn skiptir miklu máli í þessu samhengi. Hann opnar aðgang að mörkuðum en hann gerir meira. Hann tryggir það að hér er svipað regluverk og tíðkast á þessum stóra markaði. Það einfaldar ekki bara fyrirtækjunum lífið heldur líka almenningi," segir Sigurður.

„Stóru verkefni samfélagsins eru að bæta lífskjör þjóðarinnar. Tíu árum eftir hina alþjóðlegu fjármálakreppu erum við komin í öfundsverða stöðu. Enginn hefði trúað því fyrir 10 árum að Ísland ætti hreina eign í útlöndum á þessum tímapunkti. Það er hins vegar staðan. Varnarleikur til framtíðar mun ekki skila ásættanlegum árangri. Sókn er leiðin fram á við. Sókn í aukna verðmætasköpun sem grundvallar lífskjör okkar í bráð og lengd. Þetta er hið stóra samhengi hlutanna," segir Halldór og heldur áfram:

„Það er ekkert því til fyrirstöðu að framtíðin verði bjartari, ef rétt er haldið á spilunum, en þeir uppgangstímar sem við höfum upplifað undanfarið ár. Við verðum að nálgast mál á þann hátt að hægt sé að leysa flókin úrlausnarefni. Það átti ekki að vera hægt að ganga frá uppgjöri slitabúa föllnu bankanna. Það átti ekki að vera hægt að afnema gjaldeyrishöft. Það átti ekki að vera hægt að ná utan um óróa á vinnumarkaði sem lífskjarasamningarnir gerðu. Þetta tókst hins vegar allt saman. Ísland er í einstakri aðstöðu til framtíðar til að verða eftirsótt til búsetu og atvinnurekstrar í alþjóðlegu samhengi. En til þess að það gangi eftir verðum við að hafa trú á sjálfum okkur og fyrir lítið land og smáa þjóð er styrkur í samstarfi við aðra. Það er hluti af sterkri sjálfsmynd þjóðar að vera í samstarfi en keppa á sama tíma. Í kapphlaupi vinnur sá sem hleypur hraðast."




# Risasamrunar sköpuðu áskoranir

## Svipmynd
**Ólafur Ari Jónsson**

**Nám:**
Cand. jur, Lagadeild HÍ, 2002.
Lögmaður (hdl), 2003.
LL.M, Harvard Law School, 2009.
**Störf:**
Yfirlögfræðingur Medis og Actavis á Íslandi.
**Fjölskylduhagir:**
Giftur Evu Dögg Gylfadóttur, sálfræðingi og sérkennara. Saman eigum við hin stórskemmtilegu börn Hrafnhildi Ásu, 13 ára, og Dag Ara, 11 ára.



Ólafur Ari er í stjórnendateymi Teva Legal sem telur meira en 300 lögfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þetta voru risasamrunar sem höfðu mikil áhrif á starfsemina og ekki síður samstarfsfólkið. Ágætis dæmi um það er að ég hef starfað hjá Actavis/Medis í rúm 8 ár og hefur haft níu yfirmenn á þeim tíma.**

Ólafur Ari Jónsson er yfirlögfræðingur Medis og Actavis á Íslandi. Hann segir Ísland hafa náð ótrúlegum árangri í lyfjageiranum en ákveðin tækifæri hafi farið forgörðum vegna kostnaðar, óvissu sem tengist krónunni og tiltölulega hárra fyrirtækjaskatta.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég er morgunhani að eðlisfari og vakna því venjulega fyrstur. Það hentar mér ágætlega því ég næ að undirbúa daginn og vek svo fjölskylduna. Konan mín er líka sérstaklega ánægð með ilmandi kaffi í rúmið á hverjum morgni.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég reyni að eyða sem mestu af mínum frítíma með fjölskyldunni og því hafa áhugamálin aðeins setið á hakanum síðustu ár. Spilaði t.d. nokkuð af golfi en lagði kylfurnar á hilluna þegar fjölskyldan stækkaði. Hef svo síðustu ár unnið ásamt stórfjölskyldunni að því að stækka bústaðinn okkar í Fljótshlíðinni, sem hefur verið frábært sameiginlegt verkefni. Þá hef ég sem betur fer töluverðan áhuga á lögfræði og er að leggja grunn að bók á því sviði. Síðan reynir maður að hreyfa sig reglulega með fjölskyldu eða vinum við hjólreiðar, göngur af öllu tagi og í körfubolta með vinnufélögunum.

*Hvaða bók ert þú að lesa eða last síðast?*

Stjörnur yfir Tókýó eftir Hiromi Kawakami, áhugaverð innsýn í japanska menningu með óvenjulegum vinkli. Síðan eru börnin mín núna að lesa Kidda klaufa og Harry Potter í skólanum og ég fæ að hlusta á þær öðru hvoru.

*Hver eru helstu verkefni og viðfangsefni í starfinu?*

Starf mitt tekur stöðugum breytingum enda hafa Actavis og Medis verið í mikilli rússíbanaferð síðustu ár. Þar skipta mestu þrír stórir samrunar, fyrst kaup Watson á Actavis árið 2012 , síðan kaup Watson á Allergan árið 2015 og svo sala á Actavis/Medis til Teva árið 2016. Teva er stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi með um 40.000 starfsmenn. Þetta voru allt risasamrunar sem höfðu mikil áhrif á starfsemina og ekki síður samstarfsfólkið. Ágætis dæmi um það er að ég hef starfað hjá Actavis/Medis í rúm 8 ár og hef haft níu yfirmenn á þeim tíma. Slíkar grundvallarbreytingar fela í sér áskoranir og óvissu en einnig tækifæri til framþróunar og í dag er ég hluti af stjórnendateymi Teva Legal sem telur meira en 300 lögfræðinga um allan heim.

Daglegu lögfræðiverkefnin eru samt í grunninn þau sömu; ráðgjöf, samningaviðræður og úrlausn ágreiningsefna um allan heim. Því fylgja töluverð ferðalög sem hafa fært mann á ótrúlegustu staði, frá blaðamannafundi með borgarstjóra Botucatu í Brasilíu til toppsins á Mt. Ventoux í Frakklandi. Síðan kemur hitt kryddið í tilveruna, að styðja við þróun og breytingar, samruna, kaup og sölur, og svo samþættingu og aðskilnað og önnur sérverkefni, allt eftir því hvernig vindar blása. Nú síðast var Medis í söluferli en í lok árs 2018 ákvað Teva að halda því og styðja við vöxt þess. Það er verðugt verkefni en ég er í stjórnendateymi Medis og hef tekið þátt í því að marka stefnu félagsins og svo að endurspegla hana í verki. Medis er íslenskt fyrirtæki sem selur lyfjahugvit og lyf til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim. Það er með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsstöðvar í Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Póllandi og svo í Ástralíu og Brasilíu. Það veltir að jafnaði 40 milljörðum króna á ári og telst því nokkuð stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Það fer hins vegar ekki mikið fyrir því hér enda tekjurnar um 99% að utan.

*Hvernig stendur lyfjageirinn á Íslandi í samanburði við önnur lönd?*

Íslendingar hafa náð ótrúlegum árangri í lyfjageiranum og auðvitað tengist það flest Actavis eða forverum þess beint eða óbeint. Á síðari árum hefur dregið úr starfsemi Actavis á Íslandi en eftir standa spennandi íslensk lyfjafyrirtæki, mörg hver með verulega alþjóðlega starfsemi eins og Medis og Alvogen/Alvotech og nú síðast Coripharma sem keypti einmitt verksmiðju og þróunareiningu Actavis á Íslandi hér í Hafnarfirðinum. Ekki má heldur gleyma því að margir Íslendingar eru háttsettir í alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum og tengslanetið í þessum geira er því mjög gott fyrir Íslendinga. Vegna þess hve kostnaður við að reka fyrirtæki hér á landi er hár mun samkeppni frá lágkostnaðarsvæðum alltaf vera erfið en það gerir árangurinn hingað til bara eftirtektarverðari. En það mætti líka segja að ákveðin tækifæri hafi farið forgörðum vegna kostnaðar, óvissu tengdrar krónunni og ekki síður tiltölulegra hárra fyrirtækjaskatta.

# Umtalsvert bakslag en ennþá afgangur



**Elvar Orri Hreinsson**
sérfræðingur í Greiningu Íslandsbanka

> **Við búum því við mun fjölþættari undirstöður í gjaldeyrissköpun en á árum áður.**

Það gefur augaleið að útflutningstekjur ferðaþjónustunnar munu dragast talsvert saman í ár í ljósi gjaldþrots WOW air og þeirrar fækkunar ferðamanna sem útlit er fyrir á þessu ári. Við það bætist svo loðnubrestur sem þegar hefur haft víðtæk áhrif í íslenskum sjávarútvegi, sér í lagi þeim hluta geirans sem snýr að uppsjávarvinnslu. Þetta getur leitt til þess að afgangur af utanríkisviðskiptum, sem nam rúmum 80 milljörðum króna á síðastliðnu ári, verður lítill sem enginn nú í ár.

Það er engu að síður magnaður vitnisburður um styrkar stoðir hagkerfisins að þrátt fyrir bakslag í tveimur þungavigtaráhrifaþáttum í gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins sjáum við enn fram á mögulegan afgang af utanríkisviðskiptum í lok árs. Við búum því við mun fjölþættari undirstöður í gjaldeyrissköpun en á árum áður. Þannig byggja utanríkisviðskipti á umtalsvert heilbrigðari grunni um þessar mundir en til dæmis á árunum í aðdraganda efnahagsáfallsins, þegar viðvarandi halli á utanríkisviðskiptum hafði skapað mikinn þrýsting á veikingu krónunnar sem varð svo raunin.

Þar fyrir utan er hrein eignastaða hagkerfisins jákvæð um þessar mundir sem er algjör nýlunda en sögulega hefur hún verið neikvæð um einhverja tugi prósenta af landsframleiðslu. Seðlabankinn hefur úr myndarlegum gjaldeyrisforða að spila til að afstýra gengishruni vegna tímabundins fjármagnsflótta og hefur bankinn sýnt að hann er tilbúinn til að beita inngripum við slíkar aðstæður. Þá ætti áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi að vera nægur til að vega upp það útflæði sem verður vegna fjárfestinga lífeyrissjóðanna utan landsteinanna.

Hvaða skoðun sem við kunnum að hafa á núverandi gildum krónunnar og hvort hún sé of veik eða of sterk ætti þetta í það minnsta að auka líkur á stöðugleika gjaldmiðils okkar litið fram á við og það eitt og sér er okkur öllum til hagsbóta.



# Frjáls á bankastjórahæðinni?



**Halldór Friðrik Þorsteinsson**
stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum



Það er umhugsunarverð staðreynd hversu fámennir aðalfundir lífeyrissjóða eru, þegar haft er í huga hversu mikilvæg lífeyrisréttindi eru sérhverjum einstaklingi. Í þeim lífeyrissjóðum þar sem ríkir sjóðfélagalýðræði mæta á bilinu, 0,1-0,4% sjóðfélaga á aðalfund. Það mætti kalla þverstæðu.

Á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir ári brá hins vegar svo við að aðalfundurinn var óvenju fjölmennur. Fregnir af afskriftum vegna United Silicon vöktu upp áleitnar spurningar um fyrirkomulag sjóðsins inni í Arion banka. Í framhaldi af gagnrýnum anda ársfundarins hafa orðið nokkrar breytingar til góðs. Rekstrarsamningur sjóðsins við bankann er loksins sýnilegur sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri sjóðsins er orðinn starfsmaður hans en áður var hann starfsmaður bankans. Þá stendur til að innri endurskoðun sé ekki framkvæmd af bankanum heldur af aðila ráðnum af sjóðnum. Þessu til viðbótar stendur til að taka upp rafrænar kosningar. Það kann að margfalda lýðræðisþátttökuna eins og reyndin hefur verið hjá lífeyrissjóðnum Lífsverki. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er hins vegar eftir sem áður múlbundinn bankanum vegna eins lítils ákvæðis í samþykktum sjóðsins. Það ákvæði er númer 4.9. og mætti kalla „Bankatengda vistarbandið“, því það felur Arion banka daglegan rekstur sjóðsins. Slíkt samþykktarákvæði er ekki að finna hjá neinum öðrum lífeyrissjóði. En því má breyta á ársfundi.

Það eru veigamikil rök fyrir því að stór lífeyrissjóður eigi ekki að binda trúss sitt við einn banka. Bankar eru í eðli sínu dýrar stofnanir. Kostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins er drjúgum meiri en hjá keppinautum. Í öðru lagi er viðvarandi hætta á hagsmunaárekstrum eins og United Silicon fjárfestingin sýndi ljóslega. Í þriðja lagi gerir bankasambúðin það að verkum að tortryggja má allar fjárfestingar sjóðsins fyrir það eitt hvaðan ákvarðanirnar eru runnar. Tökum lítið dæmi. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur dregist aftur úr keppinautum sínum í erlendum fjárfestingum. Og jafnvel þó að það kunni að eiga sér sínar eðlilegu skýringar þá vekur það samt upp spurningar vegna ólíkra hagsmuna banka og lífeyrissjóðs. Í fjórða lagi verður úrval fjárfestingarkosta alltaf einsleitara þegar horft er yfir fjárfestingarsviðið úr aðeins einum bankaturni.

> **Svo venst það einkar illa að sitja stjórnarfundi í „frjálsum“ lífeyrissjóði á bankastjórahæðinni í Borgartúni og mér er til efs að það sé sjálfstæðri hugsun stjórnarmanna til heilla.**

Fleira má telja. Arion banki er í harðri samkeppni við Frjálsa um viðbótarlífeyrissparnað með afurð sinni „Lífeyrisauka“. Mín reynsla er sú að of mikill tími stjórnarfunda fari í umfjöllun sem hlýst af sambúðinni við bankann. Það bitnar á ýmsum mikilvægum málum. Svo venst það einkar illa að sitja stjórnarfundi í „frjálsum“ lífeyrissjóði á bankastjórahæðinni í Borgartúni og mér er til efs að það sé sjálfstæðri hugsun stjórnarmanna til heilla.

Mánudaginn 13. maí verður ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins haldinn í höfuðstöðvum Arion banka. Í fyrsta sinn kjósa sjóðfélagar alla stjórnarmenn, í þetta skiptið 5 einstaklinga. Margir lífeyrissjóðir setja í samþykktir sínar hámarkslengd á stjórnarsetu, 8-12 ár, og miðað við það er kominn tími á endurnýjun í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Tillögur að samþykktabreytingum liggja fyrir fundinum. Þar hef ég m.a. lagt fram tillögu um að bundið verði í samþykktir að framkvæmdastjóri verði ráðinn af sjóðnum, stjórn sé heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta – og að rekstrarsamningur skuli birtur. Ef samþykkt verður yrði sjóðurinn ekki lengur bundinn Arion banka heldur væri frjálst að leita hagstæðustu tilboða um þá þætti daglegs rekstrar sem talin væri ástæða til að útvista hverju sinni.

Ég hvet alla sjóðfélaga í Frjálsa lífeyrissjóðnum til að mæta á fundinn og nýta atkvæði sín. Valið stendur um fortíðina eða framtíðina. Með því að kjósa fólk sem vill frjálsan lífeyrissjóð hafa sjóðfélagar bein áhrif á fyrirkomulag sjóðsins og þar með væntа framtíðarávöxtun lífeyrissparnaðar síns. Það er tímabært að þessi sjóður fái staðið undir nafni á ný.




Skórnir þínir. Kaffið í bollanum. Pappírinn í blaðinu sem þú ert að lesa. . . .Ef þú hefur notað það, þá höfum við líklega flutt það til landsins. Og ef þú ert að hugsa um að flytja eitthvað milli landa eða landshluta ættirðu að hafa Samskip í huga. Við erum með skip, bíla, gáma, lestar og vöruhús – en umfram allt fólkið sem hugsar út fyrir gáminn með þér – til að finna bestu leiðina hverju sinni fyrir þig og umhverfið.

Saman náum við árangri

SAMSKIP
Saman náum við árangri

## Skotsilfur

### Hver fær stólinn í Arion banka?



Margir forstjórar og stjórnendur í íslensku viðskiptalífi renna hýru auga til bankastjórastólsins í Arion banka en stjórn bankans leitar nú að eftirmanni Höskuldar Ólafssonar. Vitað er að stærstu hluthafar Arion banka eru mjög áfram um að þeir Benedikt Gíslason, sem situr í stjórn bankans, og Ásgeir Helgi R. Gylfason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kviku banka, taki við stjórnartaumunum í bankanum en þeir voru meðal annars lykilmenn í vinnu stjórnvalda við afnám fjármagnshafta á árinu 2015. Þá er Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, af mörgum talinn líklegur til að hreppa starfið og eins er **Kári Hallgrímsson**, sem hefur starfað um árabil á skuldabréfasviði fjárfestingarbankans JP Morgan í London, sagður koma sterklega til greina í stólinn.

### Óheppileg tengsl



Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að ganga frá skipan þriggja manna hæfnisnefndar til að meta hæfni sextán umsækjenda um embætti seðlabankastjóra. Búið var að leita til fjölmargra einstaklinga um að taka að sér formennsku í nefndinni, sem ýmist afþökkuðu boðið eða gátu ekki tekið starfið að sér, áður en niðurstaðan varð að lokum sú – um fimm vikum síðar – að forsætisráðherra skipaði **Sigríði Benediktsdóttur**, hagfræðing og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, í hæfisnefndina. Mörgum þykir hins vegar óheppilegt að formaður nefndarinnar hafi jafn mikil tengsl og raun ber vitni við suma umsækjendurna. Þar má nefna meðal annars fyrrverandi samstarfsmenn Sigríðar í Seðlabankanum og eins forstjóra Bankasýslu ríkisins, sem eru á meðal umsækjenda, en Sigríður situr í bankaráði Landsbankans, sem var nýlega gert afturreka með ákvörðun sína um að hækka laun bankastjórans, eftir að hafa verið tilnefnd í bankaráðið af valnefnd Bankasýslunnar.

## Raforkugeta Svíþjóðar getur hamlað hagvexti



Seint að kvöldi í viðskiptahverfi Stokkhólms. Talið er að afkastageta sænska raforkukerfisins geti haft hamlandi áhrif á hagvöxt. Svíar hafa reynt að skipta úr kjarnorku yfir í vindorku á sama tíma og mikið álag er á flutningakerfinu vegna aukinnar eftirspurnar. Raforkuskorturinn hefur áhrif á allt frá uppsetningu 5G kerfis í höfuðborginni, yfir í fjárfestingar í stórum gagnaverum og lagningu ganga fyrir neðanjarðarlestir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Orka staðreyndavitundar



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Í samfélagi þar sem stanslaus holskefla upplýsinga dynur á okkur er oft erfitt að fóta sig. „Ísland missir yfirráð yfir orkuauðlindum!“ og „ESB getur þvingað okkur til að leggja sæstreng!“ eru til dæmis frasar sem eru lýsandi fyrir það sem á okkur dynur um þriðja orkupakkann. Að vísu er hvorugt rétt, eins og fjallað er um í umsögn Viðskiptaráðs um málið. Málið er þó óneitanlega nokkuð flókið og umræðan jafnvel enn flóknari. Hvað er þá til ráða?

Núvitund, að hafa athyglina í núinu á opinn og virkan hátt, hefur rutt sér mikið til rúms á síðustu árum. Þurfum við meira af henni? Eflaust, en það virðist líka þurfa annars konar vitundarvakningu. Beitingu vitundarinnar á enn betri hátt. Það getur til dæmis verið í átt að staðreyndum. Þurfum við meiri staðreyndavitund?

**Bók Rosling**

Ein umtalaðasta bók síðustu ára er Factfulness, sem kalla má Staðreyndavitund, eftir sænska lækninn og tölfræðinginn Hans heitinn Rosling. Bókin varpar ljósi á hversu skökk heimsmynd okkar gjarnan er. Dæmi um þetta er að fólk svarar kerfisbundið rangt spurningum um íbúafjölda, menntun og heilsu á heimsvísu. Svo kerfisbundið að simpansi sem svarar handahófskennt myndi standa sig betur. Bókin fjallar einnig um hvernig við höfum tilhneigingu til að líta á heiminn með órökréttum hætti. Er nema von að maður upplifi heiminn sífellt hættulegri þegar á okkur dynja fréttir um stríðsátök og náttúruhamfarir? Án þess að gera lítið úr slíkum hörmungum er staðreynd málsins samt sú að við lifum á friðsömustu og öruggustu tímum sögunnar.

Rosling lagði til að við tileinkum okkur staðreyndavitund sem hann skilgreinir sem „þann róandi vana að hafa aðeins skoðanir á því sem þú getur rökstutt með staðreyndum“. Það þýðir að við eigum að draga andann djúpt og fara varlega í að mynda okkur skoðanir á málum sem við höfum lítið kynnt okkur. Á okkar tímum þar sem áreiti samfélagsmiðla er stanslaust er tilhugsunin ein um staðreyndavitund róandi og frelsandi. Ef Nonni frændi fullyrðir í stuttum status að ný lög um umferðarlög séu algjör þvæla ættu viðbrögð þín með staðreyndavitund að vopni að vera: Engin skoðun, bara yfirvegun. Enda þekkir þú ekki málið.

**Orkupakkaumræða án staðreyndavitundar?**

Í orkupakkaumræðunni virðist vanta staðreyndavitund – að tekin sé málefnaleg og gagnrýnin afstaða byggð á staðreyndum málsins en ekki upphrópunum. Það er óneitanlega auðvelt að hoppa á vagninn þegar talað er um afsal fullveldis, mikla hækkun raforkuverðs til heimila og að yfirráð yfir auðlindum fari til Brussel. Allt er þetta eitthvað sem fólk virðist óttast og því í sjálfu sér rökrétt að mynda sér skoðun á móti pakkanum, án þess að beita staðreyndavitund. Nema auðvitað að ekkert af þessu er rétt og málið er raunar talsvert flóknara, sérstaklega ef hinum gríðarlega mikilvæga EES-samningi er bætt inn í myndina, sem ómögulegt er að skilja frá umræðu um pakkann.

Þess vegna kemur óþægilega lítið á óvart að stuðningur við þriðja orkupakkann er langmestur hjá þeim sem segjast hafa kynnt sér málið (46%) en minnstur hjá þeim sem segjast ekki hafa kynnt sér málið (12%) samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Af öllum landsmönnum eru 30% hlynnt og 49% andvíg pakkanum. Ekki þarf miklar getgátur eða flókna útreikninga til að sjá að stuðningur við orkupakkann væri líkast til meiri en andstaðan ef allir hefðu kynnt sér málið.

**Vörn gegn popúlisma**

Þó að staðreyndavitund sé róandi gefur hún okkur líka orku. Orku til að leggja áherslu á brýnustu málin þar sem mest er í húfi. Orku til að mæta popúlisma og afvegaleiðingu umræðunnar sem sagan kennir okkur að getur valdið stórkostlegum skaða. Staðreyndavitund mun því vonandi forða okkur frá vegferð sem endar með atkvæðagreiðslu þar sem margir gúgla „Hvað er EES?“ daginn eftir.

# Borgin slapp vel frá kjaradeilunni

**SKOÐUN**



**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**

Kjarasamningar hafa verið gerðir fyrir næstum níu af hverjum tíu starfsmanna á almennum vinnumarkaði til fjögurra ára. Þessir löngu samningar skapa skilyrði fyrir atvinnulífið til að búa sig undir áskoranir sem fram undan eru. Góð lending miðað við aðstæður á vinnumarkaði enda var Lífskjarasamningurinn svonefndi samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atvinnurekenda. Það var nauðsynlegt að eyða óvissunni.

Hins vegar er ljóst að verulegar hækkanir á lægstu launum munu þyngja róðurinn, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum sem starfa í vinnuaflsfrekum geirum eins og ferðaþjónustu og smásölu. Fyrirtækin munu þurfa að bera mikinn kostnað af þeim aðstæðum sem sköpuðust á vinnumarkaði.

Hvernig gátu þessar aðstæður skapast? Á einu lengsta hagvaxtarskeiði Íslandssögunnar féll sósíalísk orðræða, sem etur saman verkafólki og fjármagnseigendum, í frjóan jarðveg og formaður Eflingar talaði um „vopnahlé“ eftir undirritun samninganna. Byltingarmóðurinn er ekki runninn af forystu Eflingar þó að samningarnir séu frágengnir.

Spjótin beindust að atvinnurekendum en það er varla hægt að kenna þeim um uppgang byltingarsinna innan verkalýðshreyfingarinnar enda hafa laun á almennum vinnumarkaði hækkað verulega á síðustu árum. Nei, við þurfum að horfa til ríkisstjórnarinnar og borgaryfirvalda.

Bættur fjárhagur ríkissjóðs á síðustu árum var ekki nýttur til að lækka skattbyrði fólks í nægilega miklum mæli. Auk þess klúðraði ríkisstjórnin dauðafæri til að skapa meiri ró á vinnumarkaði þegar hún ákvað að hreyfa ekki við ákvörðunum kjararáðs. Launahækkanir háttsettra embættismanna voru dýru verði keyptar.

En ríkisstjórnin var þó dregin að borðinu og lagði sitt af mörkum til að samningar næðust. Það sama gildir ekki um Reykjavíkurborg. Óhætt er að segja að húsnæðismál hafi verið eitt stærsta málefnið í kjaradeilunni þar sem hækkanir á húsnæðisverði og leiguverði hafa vegið til móts við launahækkanir. Kjarabót síðustu ára varð ekki jafnmikil og hún hefði getað orðið. Það skrifast að miklu leyti á borgina. Þó að borgaryfirvöld hafi með aðgerðaleysi sínu búið til frjóan jarðveg fyrir sósíalíska verkalýðsforystu þurfa þau ekki að bera kostnaðinn. Eftir miklar hækkanir á húsnæðisleigu þurfa fyrirtækin að hækka lægstu laun enn meira svo að fólk geti framfleytt sér og sínum. Aðkoma Reykjavíkurborgar að kjarasamningunum er einungis sú að hefja skipulagningu Keldnalands í samvinnu við ríkið. Borgin sleppur vel en atvinnulífið ber kostnaðinn. Því ber að halda til haga svo að þessi atburðarás endurtaki sig ekki á næstu fjórum árum.

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL

# 30%

AF ÖLLUM VÖRUM ... OG MEIRA AF SUMUM

## Við framlengjum afmælisgleðinni til 11. maí

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 8. maí 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Framtíðin kemur

**Uber** vinnur nú að skráningu félagsins á markað. Þrátt fyrir að vera eitt þekktasta vörumerki veraldar og hafa náð undraverðri útbreiðslu á skömmum tíma hefur Uber aldrei skilað hagnaði. Raunar er ekkert sem bendir til að svo verði til skamms tíma. Þrátt fyrir það ætla forsvarsmenn Uber sér að safna um 10 milljörðum Bandaríkjadala í útboðinu og meta þá félagið á 90 milljarða dala. Varla þarf sérfræðing í fjármálum til að átta sig á að verðmatið byggist nánast einvörðungu á framtíðarspám og skýjaborgum, en ekki köldum rekstrarlegum staðreyndum.

**Lýsing** félagsins ber því vitni, og er á stundum eins og vísindaskáldskapur þar sem reynt er að spá í spilin varðandi ferða- og neysluvenjur framtíðarinnar. Því er lýst að þrátt fyrir allt sé markaðshlutdeild Uber ekki stórkostleg miðað við heildarfjölda ferða á þeim stöðum sem fyrirtækið starfar. Sagt er á skáldlegan hátt að stærð þeirra markaða þar sem Uber er enn ekki með starfsemi nemi um 25 milljónum ferða til tunglsins og til baka á ári hverju. Möguleikarnir séu óþrjótandi.

**Þá á** eftir að telja alla þá markaði sem Uber gæti tekið upp á að herja á, svo sem heimsendingar á matvælum eða vöruflutninga, og nýjar uppfinningar sem einfaldað geta lífið og lækkað kostnað, svo sem sjálfakandi bifreiðar. Staðreyndin er þó sú að fyrir utan þá staðreynd að Uber mun ekki bera sig fjárhagslega í náinni framtíð, þá er ýmislegt í núinu sem valdið hefur félaginu vandræðum. Stofnandi og forstjóri Uber þurfti að víkja vegna runu hneykslismála og furðulegrar framkomu. Uber hefur auk þess eldað grátt silfur við yfirvöld í þeim ríkjum þar sem það starfar og jafnvel þurft að hætta starfsemi í sumum tilvikum.

**Þrátt fyrir** erfiðleika er þó ekkert sem bendir til annars en að útboðið muni lukkast vel, og að fleiri verði um hituna en hreppt geta hnossið. Forsvarsmönnum Uber virðist vera að takast að lýsa framtíðinni á sannfærandi hátt, rétt eins og fyrirtækjum á borð við Netflix í sjónvarpsbransanum, Ocado í matvælageiranum, Twitter og fleirum. Verðmat þessara fyrirtækja byggist oftar en ekki á væntingum um breyttan heim frekar en köldum staðreyndum. Dæmi eru um að slíkar sögur geti haldið virði fyrirtækja á flugi um árabil, en þó ekki endalaust. Framtíðin kemur nefnilega alltaf á endanum, hvort sem hún verður eins og Uber spáir eða ekki.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Hagnaður Lyfju minnkaði um 55 milljónir

Hagnaður Lyfju, stærstu lyfjakeðju landsins, nam 324 milljónum króna á árinu 2018 og dróst saman um 55 milljónir frá fyrra ári. Tekjur félagsins voru tæplega 9,8 milljarðar króna og jukust um 450 milljónir á síðasta ári.

Hagnaður Lyfju, sem rekur 34 apótek um allt land, fyrir afskriftir, fjármagnsliði og afskriftir (EBIDA) var 644 milljónir á síðasta ári og minnkaði um rúmlega 90 milljónir borið saman við árið 2017. Eigið fé félagsins nam tæplega 3,6 milljörðum króna í árslok 2018 og var eiginfjárhlutfall Lyfju um 57 prósent.

Á síðasta ári var allt hlutafé lyfjakeðjunnar, sem var í eigu ríkissjóðs, selt til SÍA III, framtakssjóðs á vegum sjóðastýringarfélagsins Stefnis, og fjárfestanna Inga Guðjónssonar og Daníels Helgasonar. Þá var Sigríður Margrét Oddsdóttir ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækisins í byrjun þessa árs og tók hún við af Sigurbirni Gunnarssyni sem hafði gegnt starfinu í tólf ár. – hae



**Sigríður Margrét Oddsdóttir.**

**02.05.2019**

**Það er óraunhæft að reka tvö flugfélög frá Íslandi. Heimamarkaðurinn er of lítill. [...] Það fljúga tæplega 100 milljónir farþega til Flórída en þar er ekki áætlunarflugfélag.**

Bogi Nils Bogason,
forstjóri Icelandair Group






# VERKSTJÓRI ÓSKAST

COVER ICELAND

**Verkstjóri við samsetningu og uppsetningu á svalalokunum**

- Viðkomandi þarf að reynslu af verkstjórn
- Tala góða íslensku og ensku
- Verður að hafa reynslu eða þekkingu úr byggingariðnaði og geta lesið teikningar
- Vera lipur í samskiptum

**Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 777 7001 eða á covericeland@covericeland.is**

**CoverIceland er umboðsaðili á Íslandi fyrir finnska fyrirtækið Cover Aluproducts sem hefur verið frumkvöðull í hönnun á glerbrautaprófílum síðan á 9. áratugnum. Cover kerfið er orðin vel þekkt vara um allan heim og Íslendingar hafa heldur betur tekið vel við sér því á aðeins 3 árum hafa verið settar upp yfir 500 svalir og sólstofur. Cover svalalokunarkerfið hefur breytt hugmyndum fólks um svalalokanir, garðskála o.þ.h. til frambúðar enda svo sannarlega byltingarkennd vara.**




**OPIÐ HÚS**

miðvikudaginn 8. maí kl. 18:00 - 18:30

Parhús, sem er rúmlega 200 fm við Hrísrima 30 í 112 Reykjavík.

Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi á neðri hæð, tvö baðherbergi, rúmgóða stofu með góðri lofthæð, eldhús, sólskála og bílskúr.



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð : **74,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**OPIÐ HÚS**

miðvikudaginn 8. maí kl. 17:00 - 17:30



Mjög gott og snyrtilegt samtals 243,5 fm enda-raðhús á þremur hæðum.

Mögulega séríbúð á 1. hæð eða fjögur svefnherbergi.

Göngufæri er í leik- og grunnskóla og stutt er í alla helstu þjónustu og verslanir Göngu- og hjólastígar í barnvænu hverfi



Nánari upplýsingar veitir:
**Þórhallur Biering,** lögg. fasteignasali
thorhallurb@miklaborg.is **sími:** 896 8232

Verð: **78,8 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**

# Korpulína

**Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu**
**Niðurfelling háspennulínu (loftlínu)**
**Breytt lega Rauðavatnslínu**

Þann 2. maí 2019 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Áformuð breyting felur í sér færslu Korpulínu milli Geitháls og tengivirkis við Korpu, við Vesturlandsveg. Jafnhliða færslu verður háspennustrengurinn færður í jörðu. Breytingin mun einnig ná til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá **reykjavik.is** og **adalskipulag.is**). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 29. maí 2019. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Kynningarfundur

# Nýr Kársnesskóli

Í júní 2017 skipaði bæjarráð Kópavogs starfshóp til að móta framtíðarstefnu fyrir húsnæði Kársnesskóla. Hópurinn lagði til að gamla skólabyggingin við Skólagerði 8 yrði rifin og nýr skóli byggður í staðinn þar sem yrði samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund og aðstöðu fyrir tómstundastarf og tónlistarnám.

Gamla skólabyggingin hefur verið rifin og undirbúningur framkvæmda við að endurreisa Kársnesskóla við Skólagerði er vel á veg kominn. Að því tilefni efna bæjaryfirvöld til kynningarfundar þar sem kynnt verða forsögn að nýjum skóla og teikningar á forhönnunarstigi af samreknum leik og grunnskóla við Skólagerði 8. **Verður fundurinn haldinn í Kársnesskóla við Vallargerði fimmtudaginn 9. maí kl. 17:00 til 18:30**

Auk þess verður kynnt, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skipulagslýsins vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu fyrir skólann ásamt frumhönnun skólabyggingarinnar. Í skipulagslýsingunni koma m.a. fram helstu áherslur bæjaryfirvalda við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli svo og um kynningu og samráð. Skipulagslýsing er jafnframt til kynningar í þjónustuveri bæjarins, Digranesvegi 1, frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 og á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar við hana skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en mánudaginn 20. maí 2019 kl. 15:00.

Bæjarstjórinn í Kópavogi.

Kópavogsbær

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18, laugardaga 12-15.**

# GÓÐIR Í SUMAR



**LAND ROVER Discovery hse.** Árgerð 2018, ekinn aðeins 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 12.750.000.**mög fallegur og vel með farinn Rnr.116826.



**LAND ROVER Range rover sport hse dynamic.** Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 9.980.000.** Mjög vel útbúinn Rnr.213538.



**VOLVO Xc90 t8 hybrid r-designe.** Árgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 10.790.000.**Umboðsbíll 1 eigandi Rnr.213351.



**TOYOTA Land cruiser 200 vx.** Árgerð 2015, ekinn 124 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 12.980.000.**Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.116837.



**FORD F350 platinium ultimade.** Árgerð 2019, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur. **Verð 9.650.000.**Tilbúinn til afhendingar Rnr.212907.

Bílafjármögnun Landsbankans

50% afsláttur af lántökugjöldum í maí



Katrín Jakobs ræðir við Yrsu Sigurðar í Gunnarshúsi.

ÞETTA GERÐIST: 9. MAÍ 1974

## Rithöfundar Íslands sameinuðust í eitt félag

Rithöfundasamband Íslands var stofnað þennan mánaðardag 1974 úr tveimur félögum, Rithöfundafélagi Íslands og Félagi íslenskra rithöfunda, sem skiptust lengi vel eftir pólitískum átakalínum.

Frá 1997 hefur Rithöfundasambandið haft félagsaðstöðu í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8 í Reykjavík, síðasta bústað rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar og Franzíscu konu hans er létu byggja það á árunum 1950-52. Jón Gnarr, þá borgarstjóri, afhenti sambandinu húsið til eignar á Menningarnótt 18. ágúst 2012.

Núverandi formaður rithöfundasambandsins er Karl Ágúst Úlfsson.

---



✝

Ástkær faðir minn, sonur okkar,
bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**Rögnvaldur Helgi Guðmundsson**

Þórðarsveig 16, Reykjavík,

lést 30 apríl. Útförin fer fram frá
Blönduóskirkju föstudaginn 10. maí kl. 14.

**Sigurbjörg Helga Rögnvaldsdóttir**
**Guðmundur Eyþórsson**
**Halla Jónína Reynisdóttir** **Magnús Pétursson**
**Guðmunda S. Guðmundsd.** **Þór Sævarsson**
**Eyþór Guðmundsson**
**Reynir Ingi Guðmundsson** **Jóhanna Erla Jóhannsdóttir**
**Bjarni R. Guðmundsson** **Guðrún Arna Stefánsdóttir**
**Una Ósk Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Pétur Breiðfjörð Freysteinsson**

lést á öldrunarheimilinu Lögmannshlíð
5. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. maí kl. 10.30.

**Ragnheiður Dóra Árnadóttir**
**Gail Breiðfjörð Press** **Jeffrey Press**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjalti Ragnar Ásmundsson**

Seljavegi 9, Selfossi,

lést föstudaginn 3. maí.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
föstudaginn 10. maí kl. 14.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Hjartavernd.

**Jónína Gísladóttir**
**Gísli Hjaltason** **Anne Merethe Vennesland**
**Ásmundur Páll Hjaltason** **Guðrún Egilsdóttir**
**Hlynur Hjaltason** **Anna Kristín Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, systir og amma,

**Ragnheiður Kristjana Benediktsdóttir**
(Kiddý)

Grænabakka 7, Bíldudal,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 11. maí klukkan 16.

**Jón Brands Theódórs**
**Benedikt Páll Jónsson** **Guðbjörg Arnardóttir**
**Guðbjörg Jónsd. Theódórs** **Valgeir Ægir Ingólfsson**
**Guðrún Jakobína Jónsdóttir** **Þórður Þorsteinsson**
**Elínborg Anika Benediktsdóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
amma og langamma,

**Guðríður Kristjánsdóttir**

frá Syðra-Skógarnesi,

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi,
föstudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 11. maí kl. 13, en jarðsett verður í Miklaholti.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar í síma 432 3180 eða https://brakarhlid.is/.

**Sigurbjörg Traustadóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**Hallfríður Traustadóttir** **Sigurþór Ólafsson**
**Elva Traustadóttir** **Georg Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Svanur Elísson**

lögreglufulltrúi,
Frostaskjóli 69, 107 Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi föstudaginn 3. maí 2019.
Útför fer fram frá Neskirkju mánudaginn 20. maí kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Anna Margrét Jóhannsdóttir**
**Einar Orri Svansson** **Fríða Jónsdóttir**
**Páll Örvar Svansson** **Erla G. Ingimundardóttir**
**Markús Orri Pálsson**

---



✝

Elskulegur eiginmaður og faðir,

**Höskuldur Sveinsson**

arkitekt,

sem lést 25. apríl síðastliðinn,
verður jarðsunginn frá Háteigskirkju
föstudaginn 10. maí klukkan 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarfélagið Göngum saman, reikningur 0301-13-304524, kt. 650907-1750.

**Helena Þórðardóttir**
**Sveinn Skorri Höskuldsson**
**Sólveig Lóa Höskuldsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Lúlla María Ólafsdóttir**

Sigtúni 19, Selfossi,

lést miðvikudaginn 24. apríl á
Ljósheimum, Selfossi. Útför fór fram í kyrrþey. Aðstandendur vilja koma þakklæti til Ljósheima á Selfossi fyrir góða og hlýja umönnun.

**Ingólfur Bárðarson**
**Guðlaug Erla Ingólfsdóttir**
**Hulda Ingólfsdóttir** **Óskar Lúðvík Högnason**
**Bára Ingólfsdóttir** **Stefán Guðjónsson**
**Linda Ingólfsdóttir** **Garðar Már Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug við andlát og útför

**Hólmfríðar Bergeyjar Gestsdóttur**

**Margrét Kristín Finnbogad.** **Björn Benediktsson**
**Einar Finnbogason** **Þórhildur Magnúsdóttir**
**Hafdís Finnbogadóttir** **Jón Karl Kristjánsson**
**Hörður Finnbogason** **Unnur Rut Rósinkransdóttir**
**Trausti Finnbogason** **Cheiryl Cadete**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Jóhann Guðmundsson**

bankastarfsmaður,
Haðalandi 10,

lést á LSH 1. maí og verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 9. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins, sími: 551-3509.

**Lára Margrét Gísladóttir**
**Guðmundur Ó. Halldórsson** **Irena Galaszewska**
**Guðlaug Á. Halldórsdóttir**
**Þórarinn S. Halldórsson** **Fatmata Bintu Cole**
**Halldór A. Halldórsson** **Helga M. Reykdal**
**Gísli Á. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir, amma og langamma,

**Vigdís Guðfinnsdóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn
26. apríl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 9. maí kl. 15.

**Marta Loftsdóttir** **Gunnar Jóhannsson**
**Svava Loftsdóttir** **Ásmundur Kristinsson**
**Pétur Guðfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Bróðir minn og móðurbróðir okkar,

**Guðjón Jósepsson**

frá Pálshúsum í Garðabæ,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði
30. apríl. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 10. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Ester Helgadóttir**
**Guðmundur Kjartan Davíðsson**
**Edda Davíðsdóttir**
**Davíð Davíðsson**
**Kári Davíðsson**
**Skúli Davíðsson**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jens Meinhard Berg**

frá Funningsfirði í Færeyjum
og fyrrum búsettur í Giljahlíð,

lést í Brákarhlíð þriðjudaginn 30. apríl.
Útförin fer fram laugardaginn 11. maí
klukkan 14.00 frá Reykholtskirkju.

**Jónína K. Berg**
**Jóhannes Berg** **Sólveig Jónasdóttir**
**Jón Bjarnason** **Pálína F. Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg Ósp Berg**
**Svanhildur Helga Berg** **Gunnar Már Vilhjálmsson**
**og langafabörn.**




























KRINGLU**KAST**

**20-50%**

afsláttur af **ÖLLUM VÖRUM!**

**Dagana 8-13.maí**

B.

BRANDTEX

Afsláttur gildir einnig í vefverslun

**WWW.BRANDTEX.IS**

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX IMITZ JENSEN

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 °C | 3 |
| Ísafjörður | 0 °C | 7 |
| Akureyri | 3 °C | 3 |
| Egilsstaðir | 4 °C | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 5 °C | 5 |
| Hveravellir | 0 °C | 8 |

Léttir til um landið S- og V-vert í dag, en áfram él í öðrum landshlutum. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast á V-landi og víða næturfrost inn til landsins.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 °C | 1 |
| Ísafjörður | -1 °C | 8 |
| Akureyri | 2 °C | 5 |
| Egilsstaðir | 3 °C | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 5 °C | 4 |
| Hveravellir | 0 °C | 8 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 °C | 4 |
| Ísafjörður | -2 °C | 5 |
| Akureyri | -3 °C | 3 |
| Egilsstaðir | -2 °C | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 4 °C | 2 |
| Hveravellir | -3 °C | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skán
5. dvelja
6. í röð
8. nísta
10. prófgráða
11. vöntun
12. mynt
13. viðkvæmni
15. drifskaft
17. fíflast

**LÓÐRÉTT**
1. áform
2. spyrja
3. mánuður
4. að baki
7. glettast
9. sveifla
12. sýking
14. heiður
16. möndull

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. himna, 5. una, 6. fg, 8. gnísta, 10. ma, 11. van, 12. sent, 13. næmi, 15. drifás, 17. atast.
**LÓÐRÉTT:** 1. hugmynd, 2. inna, 3. maí, 4. aftan, 7. gantast, 9. sveifla, 12. smit, 14. æra, 16. ás.

## Skák Gunnar Björnsson

Sjöberg átti leik gegn Ekström í Stokkhólmi árið 1977.

**1. Dxf5+! Dxf5 2. Hh8# 1-0.** Vorhátíð Taflfélags Reykjavíkur verður haldin sunnudaginn 12. maí kl. 12-14. Vorhátíðin er uppskeruhátíð allra þeirra barna sem mætt hafa á æfingar hjá TR í vetur.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik













## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. MAÍ 2019

### Útivist

**Hvað?** Á fjöll við fyrsta hanagal
**Hvenær?** 06.00
**Hvar?** Úlfarsfell
Ferðafélag Íslands stendur fyrir morgungöngum þessa viku. Í dag hefst hún við bilastæði Skógræktarinnar við Vesturlandsveg.

### Menningararfurinn

**Hvað?** Notað og nýtt í íslenskum fræðum
**Hvenær?** 08.00-10.00
**Hvar?** Hótel Saga, Kötlusal
Á ársfundi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verða kynntar mikilvægar nýjungar sem auðvelda fólki aðgengi að auðlindum tungumálsins og bókmenntanna. Áhugasamir um íslensk fræði eru velkomnir. Morgunverður verður borinn fram kl. 8 og dagskrá hefst kl. 8.30.

**Hvað?** Börn mæta miðöldum
**Hvenær?** 9.30-16.00
**Hvar?** Reykholt, Borgarfirði
Börn úr grunnskólum í Borgarfirði og á Mýrum njóta menningardagskrár úr eigin smiðju og annarra á höfuðbóli Snorra Sturlusonar þennan vordag. Lista- og handverksfólk setur upp líf í anda miðalda. Kómedíuleikhúsið sýnir Gísla Súrsson, Kristín Lárusdóttir kynnir hljóðfæri og tónlist miðalda og nemendur kynnast aðstæðum og vinnubrögðum skrifaranna í Reykholti undir verkstjórn Svanhildar M. Gunnarsdóttur. Brauðgerðaraðferðir löngu liðins tíma verða viðhafðar, að hætti Bryndísar Geirsdóttur og Hins blómlega bús og ratleikur verður í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur hjá Locatify sem gefur út Snorra-appið.

**Hvað?** Tenór syngur og leikur á langspil
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari kemur fram á Menningu á miðvikudögum. Hann mun ekki aðeins syngja heldur einnig leika á langspil. Á efnisskránni eru Breiðfirðingavísur, íslensk, frönsk og ensk þjóðlög, lög eftir Jórunni Viðar og einnig spuni Eyjólfs. Að lokum leikur hann og syngur Ferðalok eftir Atla Heimi Sveinsson sem lést nýverið. Tónleikarnir eru ókeypis og allir velkomnir.


Eyjólfur Eyjólfsson syngur í Salnum og leikur á langspil.

### Orðsins list

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Pivinnguaq Mørch er ungur grænlenskur höfundur. Fyrsta bók hans, Arpaatit qaqortut / Hvítu hlaupaskórnir er tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2019. Streymt er frá viðburðinum á vef Norræna hússins. Julia Isaksen stýrir umræðu sem fer fram á ensku og grænlensku. Allir velkomnir.

**Hvað?** You know nothing Jon Snow
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, stofa M104
Dr. Kevin Tipton, prófessor við háskólann í Durham, heldur fyrirlesturinn: You know nothing Jon Snow: Nutrition for prevention and treatment of sport-related brain injuries – á vegum íþróttafræðideildar HR.

**Hvað?** Spjallfundur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** ADHD samtökin, Háaleitisbraut 13
Fundur um einelti og börn með ADHD verður í fundarsal samtakanna IV. hæð. Fundurinn er opinn forráðamönnum, nánum aðstandendum og öðrum sem umgangast börn með ADHD í leik eða starfi.


María Magnúsdóttir verður með félögum sínum í Múlanum, 5. hæð í Hörpu.

### Tónleikar

**Hvað?** Vordagskrá Múlans
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft Hörpu, 5. hæð
María Magnúsdóttir söngkona kemur fram, ásamt píanóleikaranum Kjartani Valdemarssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni sem leikur á gítar. Flutt verða uppáhaldslög og sálmar í þeirra útsetningum, í bland við ný og eldri djasslög ástkærra höfunda. Miðaverð er 2.500 krónur en 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Hákon M. Hjaltalín kemur fram með hljómsveit sinni og syngur eigin lög af nýútkomnum diski, Black Dogs.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| The Wild Pear Tree (ENG SUB) | 17:30 | Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) | 20:00 |
| Capernaum (ENG SUB) | 17:30 | The House That Jack Built (ICE SUB) | 21:00 |
| Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) | 18:00 | Girl (ENG SUB) | 22:15 |
| Całe szczęście (POLISH W/ENG SUB) | 20:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:15 |



2 mánaða internetáskrift fylgir
30 daga áskrift að Stöð 2 Maraþon fylgir


MacBook Air

Veglegur kaupauki fylgir öllum seldum fartölvum!

Með öllum seldum fartölvum fylgir **2 mánaða internetáskrift með ótakmörkuðu gagnamagni** og **30 daga áskrift að Stöð 2 Maraþon**.

Kynntu þér úrvalið á vodafone.is eða í næstu verslun.

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone
Hluti af sýn




í kvöld kl. 20
Bein útsending frá úrslitum í Laugardalshöll þar sem nemendur í grunnskólum landsins keppa sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.

RÚV okkar allra




Ertu með KrakkaRÚV-appið?
Nú geturðu horft á vandað efni á íslensku í glænýju KrakkaRÚV-appi!

KRAKKARÚV

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2014-2015 Borgarbyggð - Skagaströnd**
**14.25 Með okkar augum** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
**16.05 Alla leið**
**17.15 Skólahreysti** Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Dóta læknir**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Skólahreysti Úrslit** Bein útsending frá úrslitum í Skólahreysti í Laugardalshöll. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson. Dagskrárgerð: María Björk Guðmundsdóttir og Óskar Þór Nikulásson.
**21.25 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason. Dagskrárgerð: Einar Rafnsson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Bræður** Norsk heimildarmynd frá 2015 þar sem leikstjórinn, Aslaug Holm, fylgist með sonum sínum tveimur, Markusi og Lukasi, vaxa úr grasi. Myndin nær yfir átta ára tímabil og sýnir bernsku drengjanna og sambandið þeirra á milli.
**00.05 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Wells Fargo Championship**
**13.00 Golfing World**
**13.50 Wells Fargo Championship**
**18.50 Golfing World**
**19.40 Champions Tour Highlights**
**23.35 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 The Kids Are Alright**
**14.10 Kokkaflakk**
**14.50 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Station 19**
**22.35 Taken**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. New Orleans**
**02.20 9-1-1**
**03.05 The Resident**
**03.50 FEUD**
**04.45 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtalum réttindi barna**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Húsið**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 The Big Sick**
**13.10 Ghostbusters**
**14.55 Matilda**
**16.35 The Big Sick**
**18.35 Ghostbusters**
**20.20 Matilda**
**22.00 Roman J. Israel, Esq.**
**00.05 Swept Under**
**01.40 The Program**
**03.25 Roman J. Israel, Esq.**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Newsroom**
**10.30 Baby Daddy**
**10.50 Jamie's 15 Minute Meals**
**11.15 Enlightened**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 Margra barna mæður**
**14.10 Allir geta dansað**
**15.45 World of Dance**
**16.35 Fresh Off the Boat**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Mom**
**19.55 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.20 Grey's Anatomy**
**21.05 Cheat**
**21.55 Veep**
**22.25 Arrested Developement**
**22.55 Lovleg**
**23.15 You're the Worst**
**23.40 NCIS**
**00.25 Whiskey Cavalier**
**01.10 The Blacklist**
**01.55 Barry**
**02.25 Timeless**
**03.55 Timeless**
**04.40 Springfloden**
**05.25 Springfloden**

## STÖÐ 3

**19.10 Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.15 Angie Tribeca**
**21.40 Pretty Little Liars. The Perfectionists**
**22.25 Krypton**
**23.10 Westworld**
**00.20 The Mindy Project**
**00.50 Arrow**
**01.35 Seinfeld**
**02.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 Lazio - Atalanta**
**09.50 Napoli - Cagliari**
**11.30 Fylkir - ÍA**
**13.10 Getafe - Girona**
**14.50 Celta Vigo - Barcelona**
**16.30 Liverpool - Barcelona**
**18.10 Meistaradeildarmörkin**
**18.30 Meistaradeildin - upphitun**
**18.50 Ajax - Tottenham** Bein útsending frá leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**21.00 Meistaradeildarmörkin**
**21.20 Huesca - Valencia**
**23.00 Olís-deild karla**
**00.30 Seinni bylgjan**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35 KR - ÍBV**
**09.15 Pepsi Max-mörk karla**
**10.35 Football League Show**
**11.05 Úrvalsdeildin í pílukasti. Manchester**
**14.05 Keflavík - ÍBV**
**15.45 Selfoss - Valur. Leikur 3**
**17.15 Seinni bylgjan**
**17.45 Olís-deild karla** Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum Olís-deildar karla.
**20.15 Seinni bylgjan**
**20.45 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**21.10 Phoenix Rising**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# HLAÐVARPIÐ

Hlaðvarpið á frettabladid.is er nýjung þar sem boðið verður upp á skemmtileg og fræðandi hlaðvörp um hin ýmsu málefni.




**Hlaðvarpið á frettabladid.is**

*hlustaðu þegar þér hentar*



((•)) **Krúnuvarpið**



((•)) **Lifum lengur**



((•)) **Hismið**

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Spennandi námskeið í gömlum bragga

**Erna** og **Bjarki** eru með vinnustofu í gömlum bragga á Suðurlandi. Nokkrum sinnum á ári nýta þau rýmið undir skemmtileg og öðruvísi námskeið. Í haust verða haldin námskeið með þekktri kjötvinnslukonu og vinsælustu bruggurum Dana.



**Bragginn er í Birtingaholti við Flúðir.** MYND/ÍVAR SÆDAL







Erna Elínbjörg Skúladóttir og kærasti hennar, Bjarki Þór Sólmundsson, eru bæði myndlistarmenn en hún er einnig keramíker og hann kokkur. Þau halda úti vinnustofu í gömlum bragga á Suðurlandi sem þau kalla einfaldlega Braggann.

Bragginn er niðurgrafinn hernámsbraggi í eigu fjölskyldunnar, og var áður kartöflugeymsla í 40 ár. Honum var svo breytt í verkstæði árið 2012. Í Bragganum var starfrækt kaffihús og leirvinnustofa á árunum 2014-2016, sem Erna rak ásamt móður sinni og systur. Síðustu ár hefur hann verið nýttur sem vinnustofa parsins, en öðru hverju nýta þau hann undir tónleika, námskeið eða aðra viðburði.

Erna bjó í mörg ár erlendis en var samt alltaf með annan fótinn heima. Hún flutti svo nýlega alveg til Íslands. Hún er mikil áhugamanneskja um mat og sælkerakaffi, svo að það lá vel við að nýta rýmið í námskeið sem heyrðu undir þann áhugaheim en Bjarki er svo líka matreiðslumaður.

Bjarki hefur mikla fagþekkingu á mat og framleiðslu matar. Hann hefur unnið á fjölda veitingastaða síðustu 20 árin og öðlast mikla reynslu þegar kemur að skipulagningu matartengdra verkefna. Hann hefur starfað og haldið úti verkefninu Góðgresi, sem snýst um nýtingu og vinnslu illgresis. Í gegnum það verkefni hefur hann meðal annars haldið hátíðina Fögnuður á fardögum, þar sem njólinn var nýttur í matargerð og list.

**Upphaf námskeiðahaldsins**

Parið langaði mikið að byggja upp menningarmiðstöð í kringum hugmyndafræði sem miðar að sjálfbærum og skapandi lífsstíl. Þessari pælingu reyna þau að miðla í gegnum námskeið, handverk, myndlist og matargerð. Ernu og Bjarka langar mikið að Bragginn verði sjálfbært lífibrauð og eru námskeiðin partur af leiðinni að því takmarki.

Fyrir tveimur árum héldu þau


**Jan Paul heldur námskeið með Andres Kissmayer.** MYND/LIOR ZILBERSTEIN


**Meredith reynir að nýta allt í kjötvinnslunni.** MYND/MEREDITH LEIGH



**Meredith Leigh mun halda námskeið í kjötvinnslu .** MYND/ERIN ADAMS



**Erna og Bjarki starfrækja vinnustofu í Bragganum þegar þau eru ekki með námskeiðahald.** MYND/ÍVAR SÆLAND

tvö námskeið sem þau segja hafa heppnast vel. Þau voru haldin af kanadíska ostagerðarmeistaranum David Asher. Hann kenndi þátttakendum allt um leyndardóma náttúrulegrar ostagerðar. Í kjölfarið ákváðu Erna og Bjarki að halda áfram námskeiðahaldinu og gera tilraun til að gera það að atvinnu sinni, en einnig reyna að halda því innan þeirrar hugsjónar sem þau höfðu um framhald á starfsemi Braggans.

Erna og Bjarki vilja hafa námskeiðin í styttri kantinum og markviss. Á þeim eru kenndar ýmsar aðferðir við vinnslu og gerð matvæla en allar eiga þær sameiginlegt að reyna að stuðla að meiri sjálfbærni í samfélaginu og áhuga á henni. Kennararnir sem þau eru í samstarfi við hafa allir náð langt, skrifað bækur og eru þekktir í sínu fagi á alþjóðlegri grundu.

**Kjötvinnslunámskeið Meredith Leigh**

Námskeiðið fer fram á tveimur dögum, en á þeim læra nemendur að salta, þurrka, reykja og grafa kjöt. Reynt verður að nýta hvern einasta part dýrsins. Þá eru gerðar pylsur, kæfur, skinkur og hráskinkur. Meredith fer einnig út í sjálfbæran búskap, mannúðlegri stefnu í slátrun dýra, kjötiðnaðinn almennt og innblástur í eldamennsku.

Nemendur fá að smakka á afrakstrinum og taka með sér part af honum heim. Að námskeiði loknu hafa þátttakendur aðgang að hópum á samfélagsmiðlum, beinum tölvupósti og öðrum aðilum sem reyna að fylgja svipaðri hugsjón í kjötframleiðslu og nýtingu.

Námskeiðið verður haldið 7.-8. september.

**Bjórvinnslunámskeið Andres Kissmayer og Jan Paul**

Námskeiðið er ætlað bjórgerðarmönnum sem vilja þróa sig áfram og auka þekkingu sína. Andres og Jan eru frá Danmörku og einstaklega færir í sínu fagi. Þeir eru mjög eftirsóttir kennarar um allan heim og því mikil heppni að fá þá með námskeiðahald í Braggann.

Andres fékk viðurkenninguna besti starfandi bruggmeistari í heiminum árið 2011 og hefur kennt bruggun í ýmsum skólum. Jan er einnig mjög þekktur í brugg-heiminum og hefur öðlast frábært orðspor sem einn helsti bruggari Dana. Hann er tilraunagjarn í brugguninni og reynir að koma með sem ferskasta strauma. Saman hafa þeir kennt í mörg ár.

Námskeið Andres og Jan verður haldið 27. til 31. ágúst.

Frekari upplýsingar um námskeiðin er hægt að nálgast á heimasíðu Braggans, bragginnstudio.is.




Icelandair Group hf.

# Birting lýsingar

**Icelandair Group hf., kt. 631205-1780, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík**

Icelandair Group hf. hefur birt lýsingu í tengslum við útgáfu og sölu 625.000.000 nýrra hluta í félaginu og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Lýsingin samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu hluta og útgefandalýsingu, allt dagsett 7. maí 2019. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Lýsingin er gefin út rafrænt á ensku og birt á vefsíðu félagsins þar sem hún verður aðgengileg fjárfestum á slóðinni *https://www.icelandairgroup.is /investors/reports-and-presentations/prospectus/* í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Þá hefur félagið birt samantekt á íslensku og er hún þýðing á ensku útgáfunni sem er hið staðfesta eintak. Sé misræmi milli texta í ensku og íslensku útgáfu samantektarinnar gildir sú enska.

Útprentuð eintök af lýsingunni má panta hjá félaginu í gegnum netfangið iris@icelandairgroup.is.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Icelandair Group hf. eftir hlutafjáraukninguna er 5.437.660.653 og eru allir hlutir útistandandi og að fullu greiddir. Allir hlutirnir eru í sama flokki og jafn réttháir. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Nasdaq Verðbréfaskráningar hf. undir ISIN númerinu IS0000013464 og er hver hlutur 1 króna að nafnvirði. Auðkenni hlutabréfa félagsins í kerfum Nasdaq Iceland hf. er ICEAIR.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafði umsjón með útgáfu hlutanna, gerð lýsingarinnar og því ferli að fá hlutina tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

**Reykjavík, 8. maí 2019**
**Stjórn Icelandair Group hf.**

Íslandsbanki

ICELANDAIR GROUP

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

HEILSUDAGAR Í BETRA BAKI

ÖLL HEILSURÚM OG KODDAR MEÐ 20% AFSLÆTTI




**Svefn er undirstaða heilsu, langlífis, hreystis og lífshamingju. Rétt dýna skiptir sköpum fyrir svefngæði. Komdu á heilsudaga í Betra Baki og finndu dýnuna sem skilar þér fullkomnum nætursvefni.**

- Náðir þú 8 klukkustunda svefni í nótt? Komdu í Betra Bak, leyfðu okkur að hjálpa þér að finna réttu dýnuna og njóttu þess að vakna tilbúin/n í daginn.
- Vissir þú að svefn getur haft áhrif á þol þitt og úthald? Á heilsudögum finnur þú dýnuna sem hentar þér hvort sem þú vilt hafa hana mjúka eða stífa.

VERÐDÆMI

SERTA CAVALLO



Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr 100% náttúrulegum efnum og inniheldur m.a. hrosshár í efsta yfirlagi. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.

160 x 200 cm með Comfort botni og fótum.
Fullt verð: 318.720

Tilboð 254.976 kr.

TEMPUR ORIGINAL OG TEMPUR CLOUD
90 x 200 cm með Comfort botni og fótum.
Fullt verð: 233.250

Tilboð 186.600 kr.

20% AFSLÁTTUR
HEILSUDAGAR!

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK




Hjónakornin Nick Jonas og Priyanka Chopra voru einkar glæsileg.



Leikarinn breski Benedict Cumberbatch mætti ásamt eiginkonu sinni, Sophie Hunter, og pössuðu þau vel inn í þema kvöldsins.

# Stjörnurnar voru frumlegar á Met Gala

Met Gala-góðgerðarkvöldið 2019 var í fyrradag. Margar stórstjörnur mættu á svæðið í sínu fínasta pússi. Á þessum tískuviðburði klæðast gestirnir oft djarfari og framsæknari fatnaði en þeir eru vanir.



Leikkonan Zendaya mætti í kjól sem var skreyttur ljósum en hann var í anda kjóls sögupersónunnar Öskubusku. NORDICPHOTOS/GETTY

Met Gala-góðgerðarkvöldið er eitt það stærsta og virtasta innan tískuheimsins en flestar þekktustu stjörnur heims mæta í sínu fínasta pússi. Viðburðurinn hefur verið haldinn frá 1948, til styrktar búningaog tískudeild Metropolitansafnsins í New York. Þetta kvöld er fræga fólkið oft reiðubúnara að klæðast óvenjulegum klæðnaði og taka meiri áhættu í fatavali en annars.

Hvert ár eru valdir nokkrir gestgjafar og þema. Gestgjafarnir í ár voru söngkonan Lady Gaga, tenniskonan Serena Williams og söngvarinn Harry Styles. Þemað í ár var „camp“ en það gæti útlagst sem skemmtilega djarft eða skemmtilega hallærislegt á íslensku.

Orðið er vísun í ritgerð eftir höfundinn og heimspekinginn Susan Sontag frá 1964, en lengi vel var það notað um stíl innan menningar samkynhneigðra karlmanna. Þýðingin hefur þó aðeins breyst með tímanum og er orðið notað á fjölbreyttari máta í dag. Reynt hefur verið að draga úr tengslum við fyrri notkun, sem þótti sýna vott af fordómum.

**steingerdur@frettabladid.is**



Leikarinn Ezra Miller var með óvenjulegan farða sem fór vel við þema kvöldsins.

Söngvarinn Harry Styles var einn af gestgjöfum kvöldsins og mætti í háum hælum og buxum með háu mitti.

Tónlistarmaðurinn Travis Scott mætti með kærustu sinni, Kylie Jenner, sem var með fjólubláa hárkollu í stíl við kjólinn sinn.






**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# Fedasz Dental Hungary

sérfræðingar í tannlæknatúrisma

# Sumartilboð!

**Ef verð meðferðar er hærra en 3000,- EUR,**
**þá bjóðum við ókeypis gistingu á hóteli okkar**
**ásamt akstri til og frá flugvelli***

Fyrir

Eftir




**Tannlæknastofur | Rannsóknarstofur | Hótel á svæðinu**

## Hafðu samband

+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu



Ríta er tengiliður á milli Íslands og Ungverjalands




*gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is

**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## Pissað í sauðskinnsskó

Andstæðingar veru Íslands á EES hafa ákveðið að gera 3. orkupakkann að deilumáli í stað þess að segja berum orðum að þeir vilji ganga úr EES. Frá því að MMR hóf að mæla stuðning við inngöngu í Evrópusambandið mánaðarlega í maí 2011 hefur stuðningur við inngöngu verið á bilinu 20-37% á meðan andstaðan hefur verið 45-65%. Í síðasta mánuði var stuðningurinn 32% og andstaðan 50%. Þessi mikla andstaða, Brexit og uppgangur popúlista beggja vegna Atlantshafsins virðist hafa hleypt nýju blóði í andstæðinga EES.

EES gefur okkur aðgang að innri markaði Evrópu sem auðveldar okkur að flytja vöru og þjónustu inn og út. Það er samband á milli vaxandi alþjóðaviðskipta og minnkandi fátæktar og aukinnar velmegunar. Alþjóðaviðskipti bæta lífskjör allra, sérstaklega íbúa í litlu og landfræðilega einangruðu landi. Ef við gengjum úr EES þá værum við berskjölduð gagnvart verndarhyggju. Bæði því að erlend ríki beiti okkur viðskiptaþvingunum og að íslenskir stjórnmálamenn beiti þvingunum sem bitnar á endanum á okkur.

Það er t.d. EES að þakka að við erum ekki með gjaldeyrishöft, ekki með einokun á framleiðslu og sölu á rafmagni og að til stendur að afnema bann við innflutningi á fersku kjöti og fjöldatakmarkanir á leigubílum. Ég hef aldrei verið stuðningsmaður þess að Ísland gangi í ESB. Ef Ísland gengur úr EES þá finnst mér augljóst að Ísland verði að ganga í sambandið. Eflaust gildir það um fleiri. Ég held því að andstæðingar EES séu að pissa í skóinn sinn með þessari vegferð.








